



Nýr útsýnispallur við Hrafnagjá, austanvert á Þingvöllum, var opnaður í gær í blíðskaparveðri. Það gerðu þeir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra, Vilhjálmur Árnason varaformaður Þingvallanefndar og Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður. Þaðan sést vítt um þjóðgarðinn og óviðjafnanlega fegurð hans, frá nýju sjónarhorni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Ekki eingöngu stór fyrirtæki

**STJÓRNSÝSLA** „Ég tel engan vafa á því að þegar talað er um sjálfstæðan framleiðanda, þá sé ekki einungis verið að tala um stórt fyrirtæki, heldur getur það verið einstaklingur líka. Rekstrarformið á ekki að skipta neinu máli, aðeins sjálfstæði þeirra,“ segir Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri.



Stefán Eiríksson

Er hann ósammála skilgreiningu kvikmyndaframleiðenda og Samtaka iðnaðarins á hvað sé sjálfstæður framleiðandi. Hún sé í samræmi við þjónustusamning. – ab / Sjá síðu 6

# Krefjast tolla á Ísland

Þrýst er á bandarísk stjórnvöld að leggja innflutningstolla á kísilmálm, framleiddan á Íslandi. Um fjórðungur framleiðslu PCC á Bakka er flutt þangað.

**VIÐSKIPTI** Bandarískir kísilmálmframleiðendur beita nú þrýstingi á þarlend stjórnvöld, að innflutningstollar verði lagðir á kísilmálm frá Íslandi. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu Ferroglobe og Mississippi Silicon, en fyrirtækin tvö ráða yfir meira en helmingi kísilmálmblendisframleiðslu í Bandaríkjunum.

Ásamt íslenskum kísilafurðum er lagt til að sambærilegar vörur frá Bosníu, Malasíu og Kasakstan, hljóti sömu meðferð. Halda bandarísku fyrirtækin því fram að verð á málm frá löndunum fjórum, sem boðinn er til sölu í Bandaríkjunum, sé á bilinu 54-85 prósentum lægra

» Bandarísku fyrirtækin halda því fram að framleiðsla landanna fjögurra njóti ívilnana, sem hamli eðlilegri verðmyndun.

en eðlilegt getur talist, sé tekið mið af hefðbundnum aðfangakostnaði.

Rúnar Sigurpálsson, framkvæmdastjóri kísilmálmbræðslu PCC á Bakka, segir að hann geti lítið tjáð sig um aðgerðir bandarísku fyrirtækjanna, og að hann bíði enn viðbragða frá yfirstjórn PCC í Þýskalandi. Frá því að verksmiðja

PCC var gangsett hefur um fjórðungur framleiðslunnar verið seldur beint til Bandaríkja. Ekki liggur fyrir hversu stór hluti framleiðslunnar, sem hefur verið umskipað á meginlandi Evrópu, hefur ratað til bandarískra endanotenda.

Bandarísku fyrirtækin halda því fram að kísilmálmframleiðsla í löndunum fjórum njóti ívilnana, sem hamli eðlilegri verðmyndun og heilbrigðri samkeppni. Vísa fyrirtækin í nýlega framlengingu álagningar innflutningstolla á rússneskan kísilmálm, og halda því fram að sömu rök gildi um íslensku framleiðsluna. thg / sjá síðu 8

## Úlfaldi verður til úr mýflugu

**LÍFID** Á tímum þegar tónleikum er frestað hverjum á eftir öðrum verður tónleikahátíðin Úlfaldi úr mýflugu endurvakin á Mývatni um helgina, eftir að hafa legið í dvala í áratug.



Briet

Meðal þeirra listamanna sem fram koma á hátíðinni eru Dimma, Briet, Auður, Cell 7 og krassasig. Tónleikahaldarar lofa góðu veðri og gistingu á hverju strái, bæði hótulgistingu og tjaldsvæði, og sóttvörnum með spritti og fjöldatakmörkunum. – tt / sjá síðu 26




## Hlýlegra heimili með ullarmottu frá Parka

Við bjóðum upp á sérvalin handnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum.



## Veður



Norðlæg átt 5-10 m/s og bjartviðri víðast hvar, en vestan 5-10 suðvestanlands seinnipartinn. Stöku skúrir. **SJÁ SÍÐU 20**



Jónas Sigurgeirsson bókaútgefandi.

## Áhyggjur meðal bókaútgefenda

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru stórtíðindi sem komu bókaútgefendum á Íslandi algerlega á óvart,“ segir Jónas Sigurgeirsson hjá Bókafélaginu um sölu Máls og menningar á 70 prósent hlut í bókaútgáfunni Forlaginu, til sænska hljóðbókarisans Storytel.

„Þetta breytir litlu til skemmri tíma, en er auðvitað tímanna tákn því það hefur verið mikil aukning í útgáfu hljóðbóka,“ segir Jónas.

Annar bókaútgefandi, sem ekki vill koma fram undir nafni, segir aftur á móti að útgefendur séu áhyggjufullir. Tveir stærstu útgefendur bóka á Íslandi séu að sameinast, því Storytel teljist útgefandi, auk þess að vera endursöluaðili.

Kveðst þessi útgefandi þurfa að framselja útgáfuréttinn til Storytel, er hann setji bækur þangað. Þá búi Storytel til nýtt, svokallað ISBN númer fyrir bækurnar, og fái þannig aðgang að endurgreiðslu útgáfukostnaðar frá ríkinu. Honum þyki ótrúlegt að samkeppnis-eftirlitið samþykki kaupin. Hann hafi áhyggjur af því að þurfa nú að selja sínar bækur hjá Storytel, sem jafnframt sé orðið stærst á sviði prentaðra bóka.

Halldór Guðmundsson, formaður stjórnar Máls og menningar, sem heldur eftir 30 prósent hlut í Forlaginu, sagðist í færslu á Facebook í gær viss um að salan til Storytel gæti aukid útbreiðslu íslenskra bókmennta.

„Allt starfsfólk Forlagsins verður áfram og nú mun raf- og hljóðbóka-væðing hjá höfundum þess hljóta byr undir báða vængi, til hagsbóta fyrir lesendur,“ sagði Halldór. – gar

## Gullfallett gullregn



Í Vesturbæ Reykjavíkur stendur þetta gullregn í fullum blóma. Tegundin er algeng í gördum hér á landi, en á uppruna sinn á fjallasvæðum í suðurhluta Evrópu, allt frá Frakklandi til Balkanskaga, að því er segir á alfæðivefnum Wikipediu. Fegurðin ristir reyndar grunnt, því sagt er að fræ gullregnsins séu eitruð eins og aðrir hlutar trjáplöntunnar. Því verður þó ekki neitað að mikil þryði er að gullregni, ekki sist í blóma. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

## Sömdu áður við Kviku

**HAFNARFJÖRÐUR** Hafnarfjarðarbær hafði gert samning við Kviku banka um að fjármálfyrirtækinu yrði falið að annast söluferli á eignarhlut bæjarins í HS Veitum, áður en tekin var ákvörðun í bæjarráði um að selja hlutinn.

„20. apríl var haldinn fjarfundur þar sem fyrst var fjallað um þetta. Samningurinn við Kviku banka er svo dagsettur 24. apríl. Ég hafði á tilfinningunni að það hefði eitthvað verið í gangi sem við vissum ekki af,“ segir Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Hún óskaði eftir öllum gögnum um samninginn og fékk svör þann 3. júní. Það var svo bæjarbúi sem fékk upplýsingar sem var ekki að finna í svörum bæjarins við fyrirspurn hennar. Þar á meðal tölvupóstur frá Kviku frá því í mars. „Ég er bæði ósatt við að við vorum ekki upplýst um þetta og að við höfum ekki fengið svör þegar við lögðum fram fyrirspurn.“ – bp

# Nýttu siglinguna frá Svíþjóð sem sóttkví

Sænsku hjónin Birgitta og Hans Vittberg sigldu frá Gautaborg til Íslands á tveimur vikum, sem nýttust sem sóttkví. Nú sigla þau í kringum Ísland og voru í gær stödd á Ísafirði, þar sem sólskin og blíðskaparveður beið þeirra.

**FERÐALÖG** „Við erum kannski ekki búin að skipuleggja ferðaplanið í smáatriðum, en við stefnum á að stoppa á Akureyri, Húsavík og Seyðisfirði. Mögulega stoppum við í einhverjum smærri höfnum á leiðinni,“ segir Birgitta Vittberg, sem siglir nú ásamt eiginmanni sínum í kringum Ísland.

Þau Birgitta og Hans sigldu hingað frá Gautaborg þar sem þau búa og höfðu viðkomu í Stavanger í Noregi, Leirvík á Hjaltlandseyjum og Þórshöfn í Færeyjum.

„Við fórum ekki frá borði í tæpar tvær vikur og fengum mat sendan niður í bátinn. Þannig að við vorum bara í sóttkví um borð,“ segir Birgitta. Þetta er annað sumarið í röð sem þau sigla til Íslands, en í fyrria sigldu þau til Seyðisfjarðar.

„Við urðum mjög hrifin og ákváðum að skipuleggja aðra ferð til Íslands. Svo kom auðvitað kórónaveiran, en við undirbyggjum okkur mjög vel og vorum í sambandi við yfirvöld á þeim stöðum sem við sigldum á,“ segir Birgitta.

Þau stoppuðu fyrst í Vestmannaeyjum, þaðan sem þau sigldu svo til Reykjavíkur. Þar heimsóttu þau meðal annars Hákan Juholt, sendiherra Svíþjóðar á Íslandi.

Frá Reykjavík sigldu þau síðastliðinn mánudag og var ferðinni heitið til Ísafjarðar. Voru þau búin að áætla 36 tíma í siglinguna en fengu góðan meðbyr og komu á áfangastað aðfararnótt miðviku-dags.

„Nú erum við hér á Ísafirði í sól og frábæru veðri. Lífið leikur við okkur. Þetta hefur allt saman gengið mjög vel,“ segir Hans.

Hann segist vera mjög spenntur fyrir því að sigla norður fyrir landið.



Þau Birgitta og Hans skömmu fyrir brottför frá Reykjavík en bátur þeirra, sem heitir Suna, lá við smábátahöfnina hjá Hörpu. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR**

**Nú erum við hér á Ísafirði í sól og frábæru veðri. Lífið leikur við okkur.**

Hans Vittberg

Honum lítist mjög vel á Ísafjörð og hlakki til að koma aftur til Seyðisfjarðar, þaðan sem þau sigla aftur heim.

Hjónin eru bæði vön siglingu og segist Birgitta hafa siglt nánast frá fæðingu. Þau hafi raunar kynnst á seglskútu á leið til Færeyja fyrir mörgum árum. Hún segir að þau sigli mikið á heimaslóðum sínum,

þar sem vesturströnd Noregs er skammt undan, en einnig suður til Danmerkur og Hollands.

„Þetta hefur verið aðeins öðruvísi en að sigla heima. Við sigldum lengi fyrir opnu hafi á leiðinni hingað, en maður þarf bara að vera vel undirbúinn fyrir það,“ segir Hans.

Birgitta bætir við að þau séu bæði hætt að vinna og hafi nægan tíma. „Við þurfum ekki að vera komin heim á einhverjum ákveðnum tíma og getum beðið eftir góðum veðurskilyrðum áður en við höldum áfram.“

Þau Birgitta og Hans hafa haldið erindi um siglingar sínar til Íslands. „Okkur datt í hug að við gætum kannski orðið öðrum eldri borgurum hvatning til gera eitthvað svona,“ segir Hans.

**sighvatur@frettabladid.is**

# Útiflísadagar

25%  
AFSLÁTTUR

**ALFABORG**

– síðan 1986 –


Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

94  
%

Inniheldur 94% vatni

# Kynörvandi Kuldaskræfa

Tómaturinn er sagður hafa kynörvandi áhrif  
– sums staðar kallaður „ástareplið“. Hann er  
viðkvæmur fyrir kulda, enda á hann ættir  
sínar að rekja til heitu landanna.  
Geymsla við stofuhita  
er því æskileg.



islenskt.is



# Byrjað er að leggja af talsímasamband um fastlínukerfi úr kopar

**FJARSKIPTI** „Það er enginn að hugsa um það að fara að slökkva á einhverju og skilja menn eftir með eitthvað sem virkar ekki,“ segir Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri Milu, um þau áform móðurfyrirtækisins Símans að leggja af talsímabjónustu um koparþræði.

Jón segir að hafist hafi verið handa við að leggja niður gamla talsíma-kerfið, sem í daglegu tali sé kallað PSTN-kerfið og er beintengt í koparlínu. Ferlið muni taka tvö til þrjú ár.

Um koparlinurnar fer einnig internet. Þá þjónusta segir Jón ekki verða lagða af fyrr en eftir um áratug, líkt og sé áætlað í öðrum Evrópulöndum. Þá taki ljósleiðari eða önnur tækni við.

Jón útskýrir að við gamla talsímasambandinu taki annað hvort farsímar, eða simatenging gegnum internet. Núverandi talsímakerfi í gegnum koparþræði ber sjálft rafmagn og virkar því, þótt rafmagn fari af hjá notendum. Einhverjir kunna að hafa áhyggjur af því að



Jón Ríkharð Kristjánsson, framkvæmdastjóri Milu. MYND/MÍLA

öryggishnappar, öryggissímar í lyftum og fleiri slík öryggistæki virki ekki ef þessi þjónusta hverfur.

„Það verður ekki þetta öryggi sem gamli talsíminn hafði með rafmagn í gegnum símasnúruna þannig að síminn sé alltaf virkur, en það eru tiltölulega fáir eftir með gamla snúrusímann og það eru til farnetslausnir sem leysa þetta allt af hólmi. Menntu eru alltaf með einhvern valkost,“ undirstrikar Jón. „Ef menn hafa farsíma þá er hann ekki eins háður rafmagns-

tengingunum beint – ef hann er hlaðinn. Það er verið að auka vara-afl á endastöðvum og fjarskipta-stöðvum þannig að það verði tryggara rafmagn þar.“

Að sögn Jóns hefur þegar verið slökkt á tveimur símstöðvum í Hvalfirði, þar sem kominn hafi verið ljósleiðari í öll hús í Hvalfjarðarsveit. Það muni taka töluverðan tíma að loka öllu kerfinu. „Það eru um tvö hundruð símstöðvar um allt land og þetta verður tekið skref fyrir skref.“ – gar

## Tvær sýnatökur við komuna

**COVID-19** Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir leggur til að allir Íslendingar sem koma til landsins fari í tvær sýnatökur, til að ganga úr skugga um að þeir séu ekki smitaðir. Allir sem koma til landsins fari í sýnatöku og fari svo í aðra sýnatöku fjórum eða fimm dögum síðar. Ef viðkomandi er með COVID-19, ætti sýnið þá að vera jákvætt.



Þórólfur Guðnason

Frá því að landamæraskimun hófst þann 15. júní, hafa rúmlega 20 þúsund einstaklingar komið til landsins. – ab

## Fiskvinnslu breytt í setur

**VESTURLAND** Akraneskaupstaður og útgerðarfyrirtækið Brim munu stofna nýtt þróunarsamvinnufélag í dag. Einnig verður tilkynnt um breytingar á gamla vinnsluhúsi HB Granda í rannsóknar- og nýsköpunarsetur. Sautján aðilar munu skrifa undir viljayfirlýsingu þess efnis kl. 14, í fiskvinnsluhúsinu gamla. – ab

## Fólkið sem lést á Kjalarnesi

**SLYS** Fólkið sem lést þegar mótörhjóli lenti á húsbíl á sunnudag, hét Finnur Einarsson, 54 ára og Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir, 53 ára. Þau voru sambýlisfólk og bjuggu í Garðabæ. Þau láta eftir sig fjögur uppkomin börn. – jp

# Stjórnin hafi sýnt styrk sinn

Þess löggjafarþings sem nú hefur verið frestað fram í lok ágúst verður helst minnst fyrir heimsfaraldurinn og áhrif hans á þingstörfin. Ríkisstjórn ólíkra flokka sýndi styrk sinn, að mati stjórnmalafraeðings.

**ALÞINGI** „Það hefur verið merkilegt að fylgjast með því hvað ríkisstjórnin hefur staðið af sér mikinn ólgusjó,“ segir Eva H. Önnudóttir, dós-ent í stjórnmalafraeði við Háskóla Íslands. Stjórninni hafi oft verið spáð falli, en hún hafi þurft að fást við gríðarlega stór og erfið verkefni það sem af er kjörtímabilinu, og sérstaklega á nýliðnum vetri.

„Þrátt fyrir að um ólíka flokka sé að ræða hefur hún sýnt styrk sinn og í því samhengi má segja að sú hefð, að hver ráðherra fari með æðsta vald í sínum málaflokki hjálpi til, því ráðherrarnir eru ekki mikið að skipta sér opinberlega af málefnum ráðuneyta samstarfsflokka,“ segir Eva og bætir við: „Það hjálpar kannski ríkisstjórn sem er með svona mikla breidd frá vinstri til hægri.“

COVID-19 setti mjög mark sitt á nýliðinn þingvetur, en fjölmörg mál voru afgreidd í tengslum við faraldurinn. Þannig voru þrjú fjáruka-lagafrumvörp samþykkt, vegna ýmissa aðgerða í efnahagsmálum.

Stórum málum á borð við frumvarp um Hálandisþjóðgarð og rammaáætlun var frestað fram á haust vegna ástandisins. Þá dagði önnur stór mál uppi og biða því næsta þingvetur sem verður sá síðasti á yfirstandandi kjörtímabili. Búast má við að hann verði annasamur, eins og jafnan í aðdraganda kosninga, en auk þeirra mála sem ráðherrar eiga eftir að ljúka hefur forsætisráðherra boðað frumvarp um breytingar á stjórnarskrá í samræmi við endurskoðunaráætlun.

Eva segir ekki ólíklegt að framundan sé stærsta prófraun ríkisstjórnarinnar á kjörtímabilinu. „Framundan eru erfiðir tímar og efnahagsþrengingar. Ríkisstjórnin



Samstarf formanna ríkisstjórnarflokka hefur verið gott, þótt flokkar þeirra séu ólíkir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## 150. löggjafarþing í tölum

- Haldinn var 131 þingfundur á 104 þingdögum. Þingfundir stóðu samtals í 672 og hálf klukkustund, sem jafngildir rúmlega 28 sólarhringum. Lengsti þingfundurinn stóð í rúmar 16 klukkustundir en sá stysti í um eina mínútu.
- Alþingi samþykkti 106 stjórnarfrumvörp, en aðeins sex frumvörp frá þingmönnum. Allar þingsályktunartillögur sem fluttar voru af ráðherrum voru samþykktar en þær voru 31 talsins. Tíu tillögur frá þingmönnum voru samþykktar.
- Ráðherrar svöruðu 52 fyrirspurnum munnlega og 304 skriflega. Þegar þingi var frestað var níu munnlegum fyrirspurnum ósvarað og 148 skriflegum. Sjö fyrirspurnum sem lagðar voru fram fyrir áramót var enn ósvarað.
- Lengst hefur Ólafur Isleifsson beðið svara, en fyrirspurn hans til utanríkisráðherra um forgangsáhrif EES-gerða var lögð fram 16. september. Þingforseti tilkynnti fimmtán sinnum um að óskað hefði verið eftir fresti til að veita svarið.

hefur gríðarlegu ábyrgðarhlutverki að gegna hvað varðar viðbrögð við þeim,“ segir Eva og bætir við: „Þegar lagt verður mat á störf þessarar ríkisstjórnar, mun líklega skipta veigamiklu máli hvernig hún tekst á við þær þrengingar sem framundan eru, hvort heldur er á sviði heilbrigðismála eða efnahagsmála.“

Þótt almenn ánægja hafi verið með viðbrögð stjórnvalda til að hefta útbreiðslu faraldursins, sé ekki gefið að sama samstaða verði um viðbrögð í efnahags- og atvinnumálum. „Þar má vel búast við skýrari átakalínum flokkanna, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu,“ segir Eva.

sighvatur@frettabladid.is  
adalheidur@frettabladid.is

# FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

## Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

**JEEP® WRANGLER RUBICON**

**FÁANLEGUR MEÐ 35", 37" EÐA 40" BREYTINGU**

**STAÐALBÚNAÐUR M.A.:**

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSIG
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAÐSTÖÐ

**VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.**

BILL Á MYND: JEEP WRANGLER RUBICON 35" BREYTTUR



7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

# Kia bílar áreiðanlegastir sjötta árið í röð



**SOUL | SORENTO**



The Power to Surprise

## Hæsta einkunn í gæðakönnun J.D. Power

Kia bílar eru margverðlaunaðir og hafa síðustu sex ár hlotið hæstu einkunn í áreiðanleikakönnun J.D. Power. Í ár voru fjórir Kia bílar efstir í sínum flokkum. Þar ber sérstaklega að nefna sportjeppann Kia Sorento og rafbílinn Kia Soul, en þeir eru einir vinsælustu og söluhæstu bílarnir á Íslandi. Við erum að sjálfsgöðu afar stolt og ánægð með þennan árangur. Þetta staðfestir enn og aftur mikil gæði og góða endingu nýrra Kia bíla.

**Komdu í dag og reynsluaktu nýjum Kia. Við tökum vel á móti þér.**

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímabantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is) og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK

**KRONAN**

Simsala-bimm-bamm ...

**BANANA SPLITT!**

TÖFRABRAGÐ  
TIL EFTIRRETTIS



Fáðu töfra innblástur á [kronan.is](http://kronan.is)/töfrar

Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)

DAG HVERN LESA

**93.000**

ÍSLENDINGAR  
FRÉTTABLAÐIÐ  
AÐ MEÐALTALI

HEIÐ FRÉTTABLAÐIÐ GÁFUP OKT 03 2018 12 20 ÁA  
HEIÐ LINDA HÖFÐI SÉR LIFSTÍÐARFANGELSI, MARIÓLÓRSTJÓRN 2019



Stefán Eiríksson útrvarpsstjóri segir tilefni til að halda áfram tiltekt í rekstri Ríkisútvarpsins. AÐSEND MYND

## Blasir við að skerpa þurfi á skilgreiningu

Útrvarpsstjóri vísar á bug gagnrýni kvikmyndaframleiðenda og Samtaka iðnaðarins á skilgreiningu á sjálfstæðum framleiðanda. Greitt hafi verið umfram kröfu. Brýnt sé að skerpa á skilgreiningu í nýjum þjónustusamningi.

**STJÓRNSÝSLA** „Ég tel engan vafa á því að þegar talað er um sjálfstæðan framleiðanda, þá sé ekki einungis verið að tala um stórt fyrirtæki, heldur geti það verið einstaklingur líka. Rekstrarformið á þeim á ekki að skipta neinu máli, aðeins sjálfstæði þeirra,“ segir Stefán Eiríksson, útrvarpsstjóri.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku, þá rann stór hluti af þeim 766 milljónum króna sem Ríkisútvarpið varði til kaupa af sjálfstæðum framleiðendum í dagskrárgerð, í þætti sem framleiddir voru af Ríkisútvarpinu og verktakagreiðslur. Bæði Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Samtök iðnaðarins telja þetta orka tvímælis, og sé ekki í samræmi við upplagg þjónustusamnings Ríkisútvarpsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið hefur ekki svarað ítrekuðum fyrirspurnum.

Stefán segir skilgreiningu Ríkisútvarpsins vera í samræmi við skilgreininguna í þjónustusamningnum sjálfum.

Í þjónustusamningnum segir að Ríkisútvarpið skuli „styrkja og efla sjálfstæða sjónvarpsþátta-, kvikmynda- og heimildamyndagerð með því að gerast kaupandi eða meðframleiðandi að slíku efni.“ Þá segir í viðauka samningsins að um sé að ræða „kaup á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum, meðframleiðsla, aðkeypt þjónusta þar á meðal vegna talsetningar, leiga á búnaði og fleira.“ „Og fleira. Þannig að þetta er ekki tæmandi talning sem að getur fallið þarna undir,“ segir Stefán. „Markmiðið í

Það er engin ástæða til að það sé einhver deila um hvað fellur undir þessa skilgreiningu.

Stefán Eiríksson, útrvarpsstjóri

hafa sjálfstæðir framleiðendur fengið greitt langt umfram lágmark þjónustusamningsins. „Á þessum fjórum árum hefur RÚV greitt 664 milljónir umfram það sem samningurinn gerir kröfu um,“ segir Stefán. „Samningurinn er auðvitað útrunninn. Ef það eru einhverjar athugasemdir við þetta í gegnum tíðina þá er eðlilegt að fara yfir það.“

Nýr þjónustusamningur er nú í vinnslu. Stefán segir líklegt að samið verði um að Ríkisútvarpið haldi áfram kaupum af sjálfstæðum framleiðendum, en það blasi við að ný þjónustusamningurinn þurfi að vera skýrari hvað þetta varðar. „Það er engin ástæða til að það sé einhver deila um hvað fellur undir þessa skilgreiningu. Það er gott fyrir alla aðila að þetta sé skýrt.“

Mörður Árnason, fulltrúi í stjórn Ríkisútvarpsins, segir að hann hafi ekki farið ofan í yfirlitið en stjórnin

hafi fengið þau svör að þetta atriði sé í lagi og að ráðuneytið hafi ekki gert athugasemdir við skilgreiningu Ríkisútvarpsins. „Við höfum líka, með árangri, kallað eftir því á undanföllum árum að verktaka sé raunveruleg verktaka,“ segir Mörður, en ástæða sé til þetta eftirlits.

Stefán sendi bréf til starfsfólks fyrir helgi þar sem kemur fram að búist sé við 200 til 300 milljóna króna tekjusamdrætti á næsta starfsári, vegna samdráttar í auglýsingatekjum. Í bréfinu segir að gripid verði til hagræðingaraðgerða á öllum sviðum. Þá verður starfsmannavelta notuð til að fækka starfsfólki, og starfsfólki yfir 65 ára verður boðið að lækka starfshlutfall um helming.

„Við erum háð auglýsingatekjum eins og aðrir fjölmiðlar, þó svo að við höfum aðrar tekjur líka. Við þurfum að bregðast við þessari stöðu og gera það með skynsamlegum hætti,“ segir Stefán. Hann segir þetta ekki breyta sinni afstöðu um að skynsamlegast sé að Ríkisútvarpið verði áfram á auglýsingamarkaði. „Þetta breytir ekki minni afstöðu, en það þarf að velja fyrir sér, í pólitísku samhengi fyrst og fremst, hvernig fjármagna á rekstur almannaþjónustuútrvarps og -sjónvarps.“

Hann segir að þó reksturinn undanfarið hafi verið réttum megin við núllið, þá megi litid út af bera. „Ég held að það sé tilefni til að halda áfram þeirri tiltekt í rekstri sem hefur verið í gangi á undanföllum árum, það er enn í ýmis horn að líta, sem við erum að skoða núna.“

[arib@frettabladid.is](mailto:arib@frettabladid.is)

## Fjöldahandtökur í Hong Kong

**KÍNA** Hátt í fjögur hundruð manns voru handtekin í Hong Kong í gær, fyrir að mótmæla nýjum öryggislögum kínverskra stjórnvalda. Mótmælin voru haldin í gær, þar sem 23 ár eru liðin frá því að Bretar afhentu Kína yfirráð yfir borginni. Yfirvöld neituðu að samþykka mótmælin á grundvelli sóttvarna.

Tíu voru handteknir á grundvelli nýju laganna, sem banna allt andóf gagnvart kínverskum stjórnvöldum, og kröfur um að borgin öðlist

Þeir sem brjóta lögin eiga yfir höfði sér lífstíðarfangelsi.

sjálfstæði. Þeir sem brjóta lögin eiga yfir höfði sér lífstíðarfangelsi. Fyrsti maðurinn sem handtekinn var á grundvelli laganna var með fána sem á stóð „Sjálfstætt Hong Kong“.

Við aðskilnaðinn frá Bretum var Hong Kong lofað að réttindi

íbúa og frelsi yrðu tryggð til ársins 2047. Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur sagt að öryggislögin séu brot á loforðinu. Yfirvöld í Peking segja hins vegar að þau séu í fullum rétti til að setja lög er varða borgina.

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, fordæmdi lögin og sagði að Bretar myndu auðvelda íbúum Hong Kong að gerast breskir ríkisborgarar. – ab

# BIOThERM

THE POWER OF LIFE PLANKTON

RAKAFYLLTARI OG  
FALLEGRI HÚÐ



AQUA SUPER CONCENTRATE

## NÝIR EINSTAKIR FLASH MASKAR

ALLIR ANDLITSMASKARNIR INNIHALDA LIFE PLANKTON™  
sem örvar endurnýjun húðar, róar og gefur raka.

### AQUA BOUNCE FLASH MASKI

Með hýalúronsýru sem gefur raka og þéttir húðina. Hentar öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri.

### AQUA GLOW FLASH MASKI

Með vítamínkokteil sem fyllir húðina raka, nærir og gefur jafna og ljómandi áferð.

### AQUA PURE FLASH MASKI

Með salicylicsýru sem hreinsar, dregur saman opnar húðholur og gefur raka. Hentar fyrir feita/blandaða húð.



**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BIOThERM  
VÖRUM DAGANA 2. - 8 JÚLÍ**

**HAGKAUP**  
*Snyrtivara*



## Auglýsing um skráningu og próf til viðurkenningar bókkara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókkara 2020 sem hér segir:

- **Prófhloti I:** Reikningshald og upplýsingatækni mánudaginn 12. október 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. október 2020.
- **Prófhloti II:** Skattskil mánudaginn 16. nóvember 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 16. Eindagi greiðslu prófgjalds er 5. nóvember 2020.
- **Prófhloti III:** Raunhæft verkefni laugar daginn 12. desember 2020 – prófið hefst kl. 13 og stendur til kl. 18. Eindagi greiðslu prófgjalds er 1. desember 2020.

**Skráningu í öll próf fer fram samtímis (allir prófhlotar) og lýkur þann 9. september 2020.** Skiptir ekki máli hvort próftaki ætla að taka eitt próf eða öll. Ekki er hægt að skrá sig í próf eftir að skráningarfresti lýkur. Próftakar bera sjálfir ábyrgð á því að skrá sig í próf.

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 649/2019 um próf til viðurkenningar bókkara og til prófnefnislýsingar prófnefndar viðurkenndra bókkara. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstökum prófum. Prófnefnd mun útvega próftökum leyfileg hjálpargögn í einstökum prófum. Prófnefnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar viðurkenndra bókkara á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/vidskipti/bokhald/vidurkenndir-bokkarar/>

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0-10. Lágmarks-einkunn til að standast einstaka prófhlotu er 5,0. Til þess að standast fullnaðarpróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,00 í vegna meðaleinkunn (lokaeinkunn) úr öllum prófhlutum.

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 37.500. Eigi er skylt að standa fyrir prófi nema a.m.k. 30 þátttakendur hafi skráð sig í próf. Ef próftökugjald er ekki greitt á eindaga þá fellur niður próftökuréttur.

Við skráningu skal staðfest að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr. 145/1994 um að próftaki sé lögráða og hafi forræði á búi sínu (að búið hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta).

Væntanlegir próftakar skulu skrá sig til prófs á heimasíðu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins [www.anr.is](http://www.anr.is) eða á heimasíðu framkvæmdaraðila prófanna [www.promennt.is](http://www.promennt.is)

Reykjavík, 24. júní 2020  
Prófnefnd viðurkenndra bókkara

Stjórnarráð Íslands  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Vilja tolla á kísilmálm

Tveir stórir kísilmálmframleiðendur í Bandaríkjunum segja að framleiðslan á Íslandi njóti ívilnana sem hamli samkeppni og eðlilegri verðmyndun.

Tveir stærstu framleiðendur kísilmálms í Bandaríkjunum hafa óskað eftir því við viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna að innflutningsstollar verði lagðir á kísilmálm innfluttan frá Íslandi, að því er kemur fram í tilkynningu frá framleiðendum.

Áskorunin er í nafni Ferroglobe PLC og Missisippi Silicon LLC, sem samanlagt stjórna meira en helmingi allrar kísilmálmframleiðslu í Bandaríkjunum. Ásamt því að leggja á innflutningstolla á íslenskan kísilmálm, vilja bandarísku framleiðendurnir að tollar verði lagðir á sambærilega vöru sem flutt er til Bandaríkjanna frá Bosníu, Malasíu og Kasakstan.

## Ósanngjarnar ívilnanir

Að sögn Ferroglobe og Missisippi Silicon, njóta framleiðendur landanna fjögurra ósanngjarns samkeppnisforskots, með því að selja kísilmálm á niðurstettu verði í krafti ósanngjarna niðurgreiðslna við framleiðslu (e. dumping). Er því haldið fram að innflutningsverð á málm frá löndunum fjórum sé á bilinu 54-85 prósentum lægra en eðlilegt getur talist.

Ekki er útskýrt nánar um hvaða ósanngjörnu niðurgreiðslur er að ræða, en í málu sem þessum er gjarnan litið á óeðlilega lágan kostnað við aðföng, svo sem hráefni til framleiðslu, eða raforku.

Rúnar Sigurpálsson, framkvæmdastjóri PCC á Bakka, segir að hann geti litið tjáð sig um aðgerðir bandarísku fyrirtækjanna og hann bíð enn viðbragða frá yfirstjórn PCC í Þýskalandi.

Marco Levi, forstjóri Ferroglobe, segir í tilkynningunni að undirverðlagður innflutningur frá Íslandi og fleirum, hafi komið illa niður á bandarískum framleiðendum síðastliðin þrjú ár. Levi bendir einnig á að nýlega hafi innflutningstollar á rússneskan kísilmálm verið framlengdir, afsambærilegum ástæðum og nú eru tiltekna í máli íslensku framleiðendanna. Ekki náðist í Marco Levi við vinnslu fréttarinnar.

## Um fjórðungur sölu PCC til Bandaríkjanna

Samkvæmt gögnum frá bandarísku ríkisstofnuninni US Geological Survey (USGC), sem meðal annars birtir mánaðarlegar tölur um innflutning á málmefnum til Bandaríkjanna, voru riflega 19 þúsund tonn af kísilmálm flutt inn til Bandaríkjanna frá Íslandi á árinu 2019. Innflutningur fyrstu fjóra mánuði þessa árs nam 5,500 tonnum, samkvæmt gögnum frá USGC.

## Engar viðræður fyrirhugaðar

TM og Kvika sendu frá sér tilkynningu í gær þar sem sagði að „engar viðræður [væru] í gangi um mögulegan samruna“ og að ekki væru „fyrirhugaðar viðræður um samruna félaga.“

Tilfnið er frétt Markaðarins um að félögin hefðu á undanförunum vikum átt í viðræðum um mögulega sameiningu. Rætt hafi verið um helstu skilmála slíkra viðskipta, nú síðast um liðna helgi, en ekki hafi náðst samkomulag um að hefja formlegar sameiningarviðræður.

Eru viðræðurnar á ís eins og sakir standa. Ritstjórn Markaðarins stendur við allt sem fram kom í frétt blaðsins um málið. – hae



Framleiðsla PCC á Bakka hefur stöðvast vegna slæmra markaðsaðstæðna, sem gætu versnað frekar ef tollaumhverfi í Bandaríkjunum breytist.

## Rannsóknir ESA á ívilnunum PCC

PCC naut ýmiss konar fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera við uppbyggingu verksmiðjunnar á Bakka við Skjálfaflóa. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafði töluverð afskipti af uppbyggingarferlinu. Taka má fram að ESA skoðar alla raforkusamninga sem Landsvirkjun gerir við viðskiptavini sína.

Í mars 2014 heimilaði ESA að PCC nýti styrki í formi skattaívilnana og framlaga frá íslenska ríkinu, upp á allt að 3,6 milljörðum króna. Að sama skapi samþykkti ESA styrk frá íslenska ríkinu og sveitarfélaginu Norðurþingi, í formi beinna fjárfrahlaga og vikjandi lána, í þeim tilgangi að byggja upp hafnaraðstöðu við Bakka.

ESA setti síðan Íslandi stólinn fyrir dyrnar þegar fyrri orkusölusamningur PCC og Landsvirkjunar leit dagsins ljós. Í fyrsta lagi lýsti ESA yfir efasemdum um hvort væntar tekjur samkvæmt raforkusamningi PCC og Landsvirkjunar yrðu nægar til að réttlæta fjárfestingu í 45 megavatta virkjun Landsvirkjunar við Þeistareyk. Að sama skapi þótti fimm milljarða fjárfesting, sem ráðast átti í til að tengja verksmiðju PCC

við dreifikerfi Landsnets, fela í sér ívilnun til handa PCC, og ekki í samræmi við samkeppnislög EES.

Svo fór að Landsvirkjun og PCC sömdu upp á nýtt og hlutu þá blessun ESA: „Þegar kannað er hvort samningar séu gerðir á markaðskjörum, er nauðsynlegt að rýna í skilmála hvers samnings fyrir sig. Landsvirkjun lagði fram yfirgripsmikil gögn, sem að mati ESA sýna fram á að samningurinn um kaup á raforku er arðsamur og skilmálar hans eru slíkir að einkarekið fyrirtæki myndi samþykkja hann við sambærilegar aðstæður,“ sagði í úrskurði ESA í maí 2015.

Íslenska ríkið fyrirhugaði upphaflega að verja 1,8 milljörðum til uppbyggingar á Bakka. Á endanum kostaði þó verkefnið, sem sneri fyrst og fremst að gerð jarðganga undir Húsvíkurhöfða og veltenginga við Bakka, um 3,5 milljarða. Þar að auki er uppi óvissa um hvort 819 milljóna króna vikjandi lán til hafnarsjóðs svæðisins fái endurgreitt, í ljósi núverandi stöðu Bakkaverkefnisins, að því er kom fram í skriflegu svari Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur íðnaðarráðherra, við fyrirspurn á þingi í febrúar 2019.

Rúnar segir hins vegar að heildarframleiðsla PCC á Bakka frá upphafi hljóði upp á 32 þúsund tonn. Þar af hafi um átta þúsund tonn farið til Bandaríkjanna.

Nefna má að verksmiðja Bakka náði ekki fullum afköstum fyrr en í október á síðasta ári.

## Gamlar birgðir United Silicon

Því má leiða líkur að því að gamlar birgðir, framleiddar af United Silicon í Helguvík, hafi verið seldar til Bandaríkjanna á síðasta ári,

en stærstur hluti þess kísilmálms sem fluttur var til Bandaríkjanna á síðasta ári og fyrstu fjóra mánuði þessa árs var af 80% hreinleika eða minna. United Silicon hætti framleiðslu 2017 og varð gjaldþrota í janúar 2018 eftir sífelld vandræði við framleiðslu.

Fram kemur í fréttatilkynningu að yfirvöld vestra muni birta niðurstöðu sína vegna umkvörtunar fyrirtækjanna tveggja þann 14. ágúst næstkomandi.

[thg@frettabladid.is](mailto:thg@frettabladid.is)

## 1.800 félög í greiðsluhlé

Rúmlega 1.800 fyrirtæki höfðu sótt um sérstakt greiðsluhlé vegna farsóttarinnar, hjá kerfislega mikilvægum bönkum um miðjan júní, en fjárhæð lána í greiðsluhléi nam þá um 18 prósentum af heildarútlánum bankanna til fyrirtækja. Stærstur hluti þessara lána er til fyrirtækja í ferðaþjónustu og í fasteignaviðskiptum. Þetta kemur fram í ritinu Fjármálastöðugleiki sem Seðlabankinn gaf út í gær.

Einnig hefur verið töluverð aukning í útlánum kerfislega mikilvægra banka sem skráð eru í frýstingu, en slíkt lán teljast í vanefndum. Jókst hlutfall vanefnda á útlánum bankanna til fyrirtækja úr fimm prósentum í febrúar, í átta prósent í lok maí.



Asgeir Jónsson  
seðlabanka-  
stjóri

Verðvísitala atvinnuhúsnæðis lækkaði um tólf prósent að raunvirði á milli ára á fyrsta fjórðungi. „Þar sem áhrif farsóttarinnar komu ekki fram af fullum þunga fyrr en í lok fjórðungsins og náðu hámarki eftir að honum lauk, er líklegt að frekari verðlækkunar sé að vænta í mælingu annars fjórðungs. Því gæti reynt á viðnámsprótt bæði þeirra sem eiga og þeirra sem fjármagna atvinnuhúsnæði.“ – hvj



# Viltu hætta að hrjóta?

## Frumskýnum Ergosmart snjallrúmið



**Ergomotion**, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. Ergomotion kynnir nú einstakt snjallrúm. Ergosmart, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að próa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.



**Ergomotion** kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

**ERGOSMART** hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á CES í Las Vegas.

**Ergosmart snjallrúmið** er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.



App sem mælir og skráir svefngæði  
• Hrotur  
• Hjartslátt  
• Andardrátt  
• Hreyfingar  
Aðstoðar þig við að hætta að hrjóta

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins  
Við þurfum öll 8 tíma svefn



Gengið niður „málverkið“ Víðibrekkur, með Jökulsá í Lóni og Tröllakróka í fjarska. MYNDIR/ÓMB

# Málverk Lónsöræfa

**Tómas Guðbjartsson** hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

**S**umir staðir á Íslandi eru litrikari en aðrir. Landmannalaugar og Torfajökulssvæðið koma fyrst upp í hugann en einnig Kerlingarfjöll, Viknaslóðir og síðast en ekki síst, Lónsöræfi. Öll eiga þessi svæði sameiginlegt að státa af líparíti sem er „súrt“ gosberg, og kallast svo vegna háslutfalls kísils (SiO<sub>2</sub>) í berginu. Líparít myndast við eldgos og getur tekið á sig ýmsa liti eftir aðstæðum kólnunar, þar sem ljósbrúnn er mest áberandi en grænn, rauður, og grár koma einnig við sögu. Við snögga kælingu í vatni getur bergkvikan síðan storknað sem svart gler og kallast þá hrafnitinna. Lónsöræfi, eða Stafafellsfjöll, eins og heimamenn kalla þau oft, er fallett nafn á eitt stórkostlegasta „málverk“ íslenskrar náttúru. Þarna er ógleymanlegt að koma, en krefst undirbúnings. Auðvelt er að komast akandi austur í Lón frá Hornafirði, en þaðan má kaupa aðstoð heimamanna yfir hina viðsjárverðu Skyndidalsá, sem getur verið farartálmi í rigningum, en eykur bara á aðdráttarafl Lónsöræfa. Ekið er inn að Illakambi en þaðan er hálf tíma ganga að Múlaskála í sunnanverðum Kollumúla, þar sem er tilvalið að gista í skála eða slá upp tjaldi.

Annar valkostur er að ganga frá Stafafelli í Múlaskála á einum eða tveimur dögum. Þetta er stórkostleg gönguleið og er komist yfir Jökulsá í Lóni, á veglegri göngubrú. Frá Múlaskála bjóðast ýmsar og fjölbreyttar gönguleiðir í allar áttir, til dæmis að hinum mögnuðu Tröllakrókum, upp á Sauðhamarstind eða inn í Leiðartungur. Ekki síður tilkomumikil og einfaldari gönguleið liggur upp svokallaðar Víðibrekkur – sem líkja má við spássitúr í málverki. Líparíthryggir í öllum regnbogans litum eru í aðalhlutverki, en þeir eru skornir í sundur af dökkbrúnum berggöngum sem líkjast hniðfblöðum. Þetta sést hvað best í Kambsgili, sem ber nafn með rentu. Þessir berggangar eru með þeim tilkomumestu á Íslandi, en þeir verða til þegar bergkvika þrýstist út í sprungur og storknar þar. Þeir eru því yfirleitt yngri og harðari en bergið í kring og standa því betur af sér veðraöflin. Víðibrekku er auðvelt að ná í dagsferð, en einnig má ganga niður þær á leiðinni heim af Sauðhamarstindi, sem er frábært útsýnisfjall.

Útsýni frá Víðibrekku er einnig magnað en leikmyndin er prýdd austanverðum Vatnajökli, Snæfelli, sem er hæsta fjall utan jökla á Íslandi og Jökulgilstindum, svipmiklum tindum upp af Lóni.



**Fókus á hjarta landsins**



Berggangar skera líparít fjöll Lónsöræfa eins og hniðfblöð.



Litadýrin í líparít fjöllum Lónsöræfa er með ólíkindum – og lætur engan ósnortinn. Sauðhamarstindur er í baksýn.

# Hamborgara kartöflubrauð



Michelin-stjörnu kokkurinn  
Agnar Sverrisson segir  
Íslendinga eiga eftir að  
elska þetta nýja brauð fyrir  
hamborgarann

Nújung!

## Heimsborgarinn og Michelin-stjörnu kokkurinn segir **nýja kartöflubrauðið** frá Myllunni besta brauðið fyrir hamborgarann!

Agnar Sverrisson, Michelin-stjörnu kokkur og heimsborgari, segir það „töfra að baka svona akkúrat þétt og mjúkt hamborgarabrauð - eina rétta brauðið fyrir góðan hamborgara. Íslendingar eiga eftir að elska þetta brauð frá Myllunni. Ánægjulegt að eiginleikar íslensku kartöflunnar komi við sögu.“

### Þéttari og mýkri hamborgarabrauð!

Gerðu hamborgarann meira djúsi.  
PRÓFAÐU nýja hamborgarakartöflubrauðið  
frá Myllunni strax í dag.



Skannaðu QR kóðan  
og lestu um leyndarmálið  
bakvið þéttleikann  
og mýktina í brauðinu



Veldu  
íslenskt

Myllan skapar störf, nýtir  
íslenskt hráefni og stuðlar að  
matvælaöryggi í landinu. Nýja brauðið er þróað  
á Íslandi, bakað á Íslandi og innheldur íslenskar  
kartöflur. Sköpum nýjar vörur. Sköpum ný störf.  
Veldu íslenska framleiðslu.



Alltaf nýbakað  
síðan 1959

Skoðaðu [myllan.is](http://myllan.is)

## SKOÐUN

## Öryggið



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is

Éitt kvöld fyrir skömmu kom ungur maður að hinu stórfenglega Sólvari Jóns Gunnars Arnasonar við Sæbraut. Hann átti í einhverjum vandræðum með stillingu á símanum sínum og þar sem fleiri en hann voru við Sólvarið á þessu fagra kvöldi, bað hann um aðstoð. Hún var veitt og þessa örlytlu hjálpi vildi hann endilega launa með vænu súkkulaði-stykki. Í kjölfarið upphöfst spjall. Ungi maðurinn sagðist vera Sýrlendingur sem hefði fengið hæli hér á landi. „Í fyrsta sinn á ævinni líður mér eins og ég sé öruggur,“ sagði hann. „Ég vakna á hverjum morgni, fullur léttis, hér er ekkert sem ógnar mér, ekkert stríð, engar hörmungar. Ég er svo óskaplega þakklátur fyrir að vera hér.“ Spurður hvort fólk kæmi vel fram við hann, sagði hann svo vera, Íslendingar væru yndislegir. „Ég get eiginlega ekki talað um hversu miklu máli það skiptir mig að fá að vera hér. Ég fer næstum því að gráta þegar ég tala um það,“ sagði hann. Svo horfði hann í átt til Sólvarsins, hafsins og fjallanna og sagði: „Þetta er fallet.“

Þessi ungi maður er hamingjusamur og sáttur, vera hans hér á landi hefur gjörbreytt lífi hans. Honum finnst vel tekið á móti sér og vill hvergi annars staðar vera. Ekki er jafn vel tekið á móti öllum sem hingað koma frá öðrum löndum, hvort sem þeir koma sem flóttamenn eða hælisleitendur. Útlendingaandúð finnst svo sannarlega hér á landi, þótt blessunarlega sé hún ekki almennt grasserandi á meðal þjóðarinnar. Það eru alltaf einhverjir sem setja fyrir sig uppruna fólks, húðlit þess og trúarskóðanir. Þetta er vitanlega ekkert annað en mannfyrirlitning, og hana ber aldrei að afsaka.

Mannfyrirlitning opinberast einnig í viðhorfi of margra til erlendra einstaklinga sem hingað koma til að vinna í lengri eða skemmri tíma. Alkunna er að einstaklingar illa haldnir af gróðahyggu, líta ekki á það fólk sem manneskjur sem koma eigi vel fram við, heldur sjá þeir þetta fólk sem gangandi gróðalind fyrir sig. Þannig er svindlað á þessu fólki í launum og aðbúnaði. Einnig er talið næsta eðlilegt að smala hópi erlends fólks saman í óíbúðarhæft húsnæði, þar sem nánast allt skortir, og hirða af því okurleigu. Því fleirum sem hægt er að hruga inn á lítið svæði því meiri verður gróðinn. Hugsunin á bak við athæfi eins og þetta er einkar ógeðfæld. Í þeirri hugsun býr engin virðing fyrir manneskjum, engin hlýja og ekki vottur af samkennd. Manneskjan er einungis jafna í reikningsdæmi og öryggi hennar skiptir engu máli. Öll hugsun um hana byggist á því hversu mikið sé hægt að græða á því að svína á henni, án þess að maður sjálfur lendi í vandræðum.

Kerfið á ekki að vernda einstaklinga sem koma svo illa fram við aðra og það á ekki að sýna skeytingarleysi þegar kemur að því að vernda þá sem verða fyrir þessari illu meðferð. Hér á landi er ítrekað brotið svírvirðilega á réttindum erlends fólks og lítið sem ekkert er aðhafst til að breyta því. Ekki verður það kallað annað en þjóðarskömm.



Í þeirri hugsun býr engin virðing fyrir manneskjum, engin hlýja og ekki vottur af samkennd.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Ekkert veski**  
Yfirvöld hafa síðustu ár reynt allt til að fá ökumenn og ökuníðinga til að hætta að nota símann undir stýri. Hefur allt verið reynt, allt frá samvisku-bitsvaldandi auglýsingaherferðum til fjársekta. Fyrir utan dulinn sálfræðihernað til að fá alla til að vilja helst tjá sig gegnum smáskilaboð og TikTok, því enginn vill óvart svara sölu-manni.

Nýjasta nýtt er að setja sjálft ökuskirteinið í símann svo þú sért nú alveg örugglega með hann á þér allan tímann. Dómsmálaráðherra segir að nú þurfi í raun enginn að vera með veski á sér, eitthvað sem eingöngu þeir sem ekki eiga Costco-kort geta sagt.

**Blomquist og Káraström**  
Nýtt handritamál er í upp-siglingu. Nú eru það ekki Danir sem ætla að „geyma“ okkar heilögustu texta, heldur Svíar. Árnald Indberg, Britt-Stella Blomquist og Einár Káraström verða líklega fyrirferðarmikil í næsta jólabókafloði. Kaup Svíanna á Forlaginu geta hins vegar haft í för með sér ýmsa jákvæða hluti. Hlýtur þetta að færa okkur nær næstu Nóbels-verðlaunum í bókmenntum. Það er svo sannarlega kominn tími til. Okkar efnilegustu höfundar þurfa bara að hafa rænu á því að semja við Forlagið.  
arib@frettabladid.is

## Afglæpavæðing á neyslu fíkniefna



Halla Signý Kristjánsdóttir  
Þingmaður Framsóknarflokksins

Mikið hefur verið rætt um afglæpavæðingu á neyslu fíkniefna og fjölmiðlar gera því skóna að meirihlutinn á Alþingi hafi hafnað henni, í atkvæðagreiðslu nú á síðasta degi þingsins. Sem er í raun ekki rétt. Það hefur verið unnið að þessum málum undanfarin misseri og lögð áhersla á skaðaminnkun í aðgerðum stjórnvalda til að sporna við neikvæðum afleiðingum neyslu.

Í vor var samþykkt frumvarp frá heilbrigðisráðherra um neyslurými, sem er að heimila stofnun og rekstur neyslurýma, en þau teljast til skaðaminnkandi aðgerða. Mikilvægur áfangi og stór. Þá hefur verið horfið frá þyngri refsingum fyrir vörslu neysluskammta og smávægileg brot fara ekki á saka-skrá lengur og með breyttum umferðarlögum sem kveða á um að mæling á ávana- og fíkniefni í blóði sé einungis grundvöllur refsinga, ekki mæling í þvagi og blóði eins og áður var. Allt er þetta samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, þar sem segir að snúa þurfi af braut harðra refsinga fyrir neyslu fíkniefna og vinna frekar að viðunandi meðferðarúrræði.

Frumvarp Pírata, sem fellt var á Alþingi, fjallaði einfaldlega um að ákvæði laga um ávana- og fíkniefni, um bann við vörslu og meðferð fíkniefna, verði breytt á þann hátt að bann við vörslu, kaupum og móttöku efna verði fellt brott. Lítið útfært og í litlu samráði. Vissulega er það samhljóma við skýrslu sem gerð var um málið á sínum tíma, en frumvarpið sjálft var ekki unnið í samstarfi við þá aðila sem vinna þurftu svo með útkomuna. Í meðförum nefndarinnar breyttist málið og var á réttri leið þegar það var tekið út, en ekki fullunnið og ekki í sátt. Þess vegna var ég ekki tilbúin að fylgja því eftir inni í þingsal þótt ég sé sammála frumhugmyndinni. Við svona stórt skref þarf að skilgreina þetta mun betur og vinna jafnframt að aðgerðum til að mæta breyttu landslagi í þessum efnun.



Í meðförum nefndarinnar breyttist málið og var á réttri leið þegar það var tekið út, en ekki fullunnið og ekki í sátt.

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
www.bjornsbakari.is

## AF KÖGUNARHÓLI

## Fýsn til forræðishugsunar



Þorsteinn Pálsson

Í mynd VG og Sjálfstæðisflokks var vissulega ólík, þegar til núverandi stjórnarsamstarfs var stofnað.

Lykillinn að lausninni fólst í sátt um kyrrstöðu. En samstarfið hefur svo sýnt að flokkarnir eru ekki í reynd eins fjarri hvor öðrum og margir ætluðu.

Að einhverju leyti má segja að íhaldssamir armar í báðum flokkum hafi náð vel saman. Á milli þeirra þurfti hreint ekki miklar málamiðlanir.

Ofsagt væri að engar hugmyndafræðilegar breytingar hefðu átt sér stað á kjörtímabilinu. Að sönnu hafa hvorki verið stigin ný skref til aukins frjálsræðis, né ríkari þátttöku í fjölþjóðasamvinnu. En merki um nokkra fýsn til forræðishyggju eru smám saman að koma í ljós.

#### Heilbrigðiskerfinu „bjargað frá ásælni peningaafllanna“

Heilbrigðismálin eru fyrsta dæmið um þetta. Ísland hefur lengi byggt heilbrigðiskerfið á svipaðri hugmyndafræði og önnur Norðurlönd. Kjarninn í henni er jafn aðgangur allra, án verulega íþyngjandi kostnaðar.

Opinberar heilbrigðisstofnanir hafa réttilega verið uppistaðan í þessu mikilvæga, samfélagslega gangverki. En samhliða hefur rekstur einkaaðila gegnt veigamiklu hlutverki.

Í umræðum um fyrstu stefnuræðu forsætisráðherra gerði heilbrigðisráðherra grein fyrir hugmyndafræðilegum grundvelli samstarfsins í heilbrigðismálum. Hún sagði þar að hann fælist í þeirri kerfisbreytingu að bjarga þeim „frá ásælni peningaafllanna í landinu.“

Þessu hafa allir þingmenn stjórnarflokkanna þriggja fylgt fast og þétt eftir með góðri samstöðu og ein-drægni. Þó er heimilt að blóta á laun ef aðgerðir fara fram í útlöndum.

#### Meiri trú á ríkisforsjá í loftslagsmálum, en almenna hvata

Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum lýsir metnaðarfullum markmiðum, sem ætlunin er að ná, bæði með opinberum aðgerðum og almennum hvötum. Hvort tveggja er nauðsynlegt. En hlutfallið þarna á milli í áætluninni, er nýtt dæmi um að ríkisstjórnarflokkarnir virðast hafa meiri trú á opinberum verkefnum en almennum aðgerðum.

Í áætluninni má sjá kolefnisgjald, urðunarskatt og afslátt af sköttum til að örva grænar lausnir. Þetta eru



Athyglisvert er að engin merki eru um að hugmynda togstreita sé á milli stjórnarflokkanna þriggja um lausnir á forsjarhyggju-grundvelli jafnvel þegar um er að tefla jafn mikilvæg viðfangsefni eins og í þessum tilvikum.

dæmi um almennar aðgerðir, sem hvetja eiga einstaklinga og fyrirtæki til þess að finna lausnir á markaði.

Umbreytingar í loftslagsmálum þurfa að stærstum hluta að gerast á vettvangi fyrirtækja. Almennir hvatar eru þar áhrifaríkasta og skjótvirkasta leiðin til að ná markmiðunum.

Vandinn er að almennir hvatar eru ekki nógu stór hluti af lausninni. Trúin á miðstýringu er of rík.

#### Sala á jörðum háð leyfi forsætisráðherra

Jarðakaup útlendinga á síðustu árum hafa vakið margs konar spurningar. Mega útlendingar eiga jarðir? Er rétt að fjársterkir aðilar geti átt stór landsvæði? Þarf að setja ríkari skyldur en nú er á landeigendur? Á að setja kvaðir um að nýta jarðir í sérstökum tilgangi?

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa viðurkennt að allt eru þetta áleitnar spurningar, sem pólitíkin þarf að svara. Það hafa þeir gert með nýjum lögum. Fá mál snerta meir grundvallarsjónarmið varðandi almannahagsmunum og eignarrétt.

Hér er það hugmyndafræði forsjarhyggjunnar, sem sameinar stjórnarflokkana þrjá, þegar umræður knýja þá til að svara spurningum. Sameiginleg lausn þeirra er að veita forsætisráðherra vald til að leyfa eða hafna aðilaskiptum að jörðum.

Stjórnarflokkarnir eru andvígir því að leysa þessi álitæfni með almennum reglum og leyfa síðan eigendum jarða, á þeim grundvelli, að ráðstafa eignum sínum á markaði eins og öðrum. Nú á ráðherra að ákveða hvaða viðskipti eru ríkisvaldinu þóknarleg.

#### Framhald á næsta kjörtímabili

Þau þrjú dæmi um forsjarhyggju, sem hér eru nefnd, snerta öll veigamikla þætti í þjóðarbúskapnum eins og heilbrigðismál, loftslagsmál og eignarréttindi.

Athyglisvert er að engin merki eru um að hugmynda togstreita sé á milli stjórnarflokkanna þriggja um lausnir á forsjarhyggju-grundvelli, jafnvel þegar um er að tefla jafn mikilvæg viðfangsefni eins og í þessum tilvikum.

Í ljósi þess að kosningar eru að ári bendir þessi einhugur til að flokkarnir, sem að stjórninni standa, hyggist sameiginlega halda áfram að bjóða lausnir á grundvelli þessarar hugmyndafræði þegar þeir leita eftir áframhaldandi umboði kjósenda.

Opel Grandland X – takmarkað magn

## FRÁBÆR FERÐAFÉLAGI

45

1975 | Sérfræðingar í bílum | 2020

Verð 4.490.000 kr.

Sjálfskiptur

THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík  
Krókhálsi 9  
Sími: 590 2020

Opið  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Bílabúð  
Benna

Sérfræðingar í bílum



# Veljum íslenskt – nema þegar kemur að liðskiptaaðgerðum



**Kristin Thoroddsen**  
varabingmaður Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi

Á undanförunum mánuðum hefur samstarf verið mikið milli hins opinbera og einkarekna heilbrigðiskerfisins eins og Íslenskrar erfðagreiningar og fleiri fyrirtækja vegna útbreiðslu kórónaveirunnar. Blandaður rekstur hins opinbera og einkareksturs hefur

því sannað sig. Þannig er einnig heilbrigðisráðherra byggð upp og höfum við helst viljað bera okkur saman við það í svo mörgu.

Nú biða 1200 einstaklingar eftir liðskiptaaðgerð hér á landi. Biðlistar lengjast, ástand sjúklinga versnar og einkareknar skurðstofur standa tilbúnar. Allt vegna pólitískra prinsippa heilbrigðisráðherra sem vill ekki ljúka samningum við íslenskar einkareknar skurðstofur, en greiðir í stað þess með sjúklingum sem sendir eru með flugi og fylgdarmanni á einkareknar skurðstofur í Svíþjóð eða til annarra Evrópulanda. Prinsippin ná ekki milli

landa og greinilegur munur er að mati heilbrigðisráðherra þegar kemur að því að gera samning við einkareknar skurðstofur í Svíþjóð eða á Íslandi. Einmitt núna í dýpstu efnahagslægd landsins skiptir máli að standa vörð um íslenskt efnahagslíf og öflugt heilbrigðiskerfi. Það gerum við með því að velja íslenskt, já eða nema þegar kemur að liðskiptaaðgerðum, þá skal velja sænskt, eða hvað?

Skoðum aðeins kostnaðinn. Liðskiptaaðgerð kostar um 1,2 milljónir króna sé hún gerð hér heima á einkarekinni skurðstofu og ríkið fær til baka 450 þúsund í formi skatta. Sé liðskiptaaðgerðin fram-

kvæmd í Svíþjóð er upphæðin um 1,8 milljónir sem sjúkratryggingakerfið greiðir og ekkert kemur til baka í ríkissjóð, allt vegna pólitískra prinsippa. Bið eftir liðskiptaaðgerð hér á landi er um eitt ár, en við þá bið bætist við margra mánaða bið við að komast á biðlistann. Á meðan eru margir sem biða eftir liðskiptaaðgerð óvinnufærir og með skert lífsgæði.

Klíníkin í Ármúla hefur gengið á eftir samningi við Sjúkratryggingar Íslands í langan tíma og ef samningar næðust við Klíníkina fækkaði sjúklingum á biðlistum um 400-600 manns.

Sjúklingurinn hefur ekkert val,

á meðan val og vald stjórnvaldsins til að leysa málin og lina þjáningar sjúklingsins er allt. Sjúklingar geta skipt beint við einkareknu skurðstofuna án nokkurrar niðurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands, kerfið stuðlar því að efnahagslegum ójöfnuði en það er varla það sem við viljum.

Það þarf kjark og þor til að taka ákvörðun og ljúka samningi milli Sjúkratrygginga Íslands og einkarekinna skurðstofa og standa þannig með sjúklingnum. Eg skora á yfirvöld að láta heilbrigða skynsemi ráða í íslensku heilbrigðiskerfi í stað þess að láta stjórnast af pólitískum prinsippum.

# Veljum fleiri samgöngukosti



**Geir Finnsson**  
varaborgarfulltrúi Viðreisnar

Viðreisn í Reykjavík leggur áherslu á fjölgun göngu- og hjólreiðastíga, betri strætó og Borgarlínu, enda full þörf á. Skipulag Reykjavíkur hefur til þessa miðast við að einkabilinn sé eina raunverulega úrræði fólks til þess að komast á milli staða. Haldi sú þróun óbreytt áfram er næsta víst að umhverfið og lífsgæði okkar borgarbúa muni liða fyrir.

Aukinni bílaumferð fylgir mengun sem er engan veginn í takt við kröfur okkar til handa komandi kynslóðum. Slík aukning kallar auk þess á skipulag sem tekur mið af dreifðari byggð á kostnað borgarkjarna og menningarstarfsemi. Hún tekur ekki mið af fjölbreyttri þörf nútímafólks til að ferðast á hagkvæman og umhverfisvænan hátt á milli staða. Við í meirihlutunum viljum sporna við þessari þróun og bjóða fleiri samgöngukosti.

Á þingi hefur hópur fólks reynt að koma í veg fyrir þessar samgöngubætur á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar minnihlutans í Reykjavík hafa einnig nýtt hvert færi sem gefst til að tala niður aðgerðir sem bjóða upp á fleiri samgöngumáta en einkabilinn. Fyrir mér er það alvarlegt mál, enda lít ég svo á að hlutverk kjörinna fulltrúa sé að beita sér fyrir betri framtíð en ekki að standa í vegi fyrir henni.

## Fólk í forgang

Langtímasýn Viðreisnar í Reykjavík felst í því að vinna ofan af gömlu skipulagi og setja þar með fólkið í forgang. Áhrifin sjáum við nú þegar.



Þeim fjölgar sem nota umhverfisvæna samgöngumáta í samræmi við auknið framboð, eins og við sjáum skýrast á uppbyggingu hjólastíga.

Almenningsamgöngur verða umtalsvert meira aðlaðandi kostur á komandi árum, með Borgarlínu sem mun tengjast sterkara stofnæðakerfi Strætó. Fleiri munu fagna því að eiga aðra kosti á að geta ferðast hratt og örugglega um borgina en með bíl. Samhliða þessu verða ákveðnar bilagötur miðsvæðis að göngugötum, líkt og þróunin hefur verið í öðrum borgum með



**Fulltrúar minnihlutans í Reykjavík hafa einnig nýtt hvert færi sem gefst til að tala niður aðgerðir sem bjóða upp á fleiri samgöngumáta en einkabilinn.**

göðum árangri, enda minni þörf á að finna öllum bílum þar stæði. Þess í stað verður hægt að búa til pláss fyrir fólk.

## Borgarstjórn á réttri leið

Við í meirihlutunum erum að breyta borginni til betri vegar. Við megum hins vegar standa okkur betur í að kynna þá framtíðarsýn, því að margir átta sig enn ekki á þörfinni fyrir þessar breytingar. Ef bilaeign eykst í sama hlutfalli og fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu mun enginn fjöldi mis-

læggra gatnamóta bjarga okkur frá umferðarteppu og aukinni mengun. Eftir aðeins 20 ár mun íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölga um 70.000. Með því að bjóða fjölbreytta samgöngukosti mun allur sá fjöldi ekki lengur sjá þörfina á því að eiga bíl.

Reykjavík er nú þegar frábær borg en á komandi árum getur hún orðið mun betri, grænni og vænni höfuðstaður. Sú framtíð er þó ekki sjálfsgöð, sérstaklega ef komið er í veg fyrir mikilvægar samgöngubætur.

# Vindorka og lögfræði



**Ari Trausti Guðmundsson**  
þingmaður Vinstri grænna

Lögfræðilegar deilur um stöðu vindorku hér á landi eru ekki nýjar. Lögum um svokallaða rammaáætlun er ætlað að taka til allra orkustöðva sem skila meira afli en 10 MW. Með lögnum er reynt að fá fram sem hlutlægast mat á jafnvæginu milli nýtingar og

verndar fjölmargra virkjanakosta sem fyrir fram er vitað að ekki er almenn samstaða um. Gildir einu hvers konar orka væri virkjuð. Af hverju er það gert? Meðal annars til þess að koma í veg fyrir að ekkert, eða ósamhæft, heildarmat á fjölda virkjunarkosta, sem hægt er að leggja til, leiði til þess að landið verði ofsetið af raforkuverum af öllum hugsanlegum gerðum. Samkvæmt 3. áfanga rammaáætlunar biða tveir vindmyllugarðar (hvor í sínum flokki) lokaafgreiðslu Alþingis. Þeir rötudu ekki þangað í blóra við stjórnarskrána og um þá var fjallað af verkefnastjórn áætlunarinnar.



**Lítill glóra er í uppkomu fjölda vindorkuvera, án mats og flokkunar, hér og hvar um land líkt og þar færú einungis þokkalega stór ylrehtarver þar sem ræktað væri grænmeti í góðu jarðsambandi við stjórnarskrána.**

Óvissa sem talin er ríkja um vindorkuver og stöðu þeirra gagnvart rammaáætlun er látin ranglega merkja að til sé opin vindorkutekki handa fyrirtækjum, jafnt innlendum sem erlendum. Eignarréttur á landi, atvinnufrelsi, skipulagsvald sveitarfélaga og jafnræðisreglan feli í sér að nú um stundir skuli milli tíu til tuttugu vindorkuver (með samanlagt afl yfir allt núverandi rafafli í landinu) teljast utan við rammaáætlun um vernd og nýtingu orkukosta. Óvissuna þarf að meta, marga vegna, og bregðast við, annað hvort með sérlögum eða öyggjandi staðfestingu um lögsögu heildrænnar verndar- og nýtingará-

ætlunar. Lítill glóra er í uppkomu fjölda vindorkuvera, án mats og flokkunar, hér og hvar um land líkt og þar færú einungis þokkalega stór ylrehtarver þar sem ræktað væri grænmeti í góðu jarðsambandi við stjórnarskrána.

Við Skúli Thoroddsen lögfræðingur erum ósammála um rammaáætlun og vindorku. Því fyrr sem við verðum sammála um að jafn mikil inngríp í umhverfið og jafn afgerandi viðbót við orkuframleiðsluna og hér um ræðir krefst skýrrar lagaumgjörðar og áætlunar, þeim mun betra. Ella erum við á stigi uppbyggingar eins og var snemma á 20. öldinni.



Sara Björk Gunnarsdóttir er orðin leikmaður franska liðsins Lyon.

## Sara Björk mun leika með Lyon

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirlíði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, er gengin til liðs við franska stórlíðið Lyon, en félagið greindi frá þessu í gær.

Sara Björk kemur til Lyon frá þýska liðinu Wolfsburg, þar sem hún varð þrefaldur Þýskalandsmeistari og þrefaldur bikarmeistari, á þeim fjórum árum sem hún spilaði þar.

Sara Björk sem er 29 ára gömul skrifar undir tveggja ára samning við franska félagið og gildir samningur hennar til sumarsins 2022.

Auk Wolfsburg hefur Sara Björk leikið með sænska liðinu Rosengård í Svíþjóð frá 2011 til 2016, en þar varð hún fjórum sinnum Svíþjóðarmeistari og einu sinni bikarmeistari. Hér heima ólst Sara Björk upp hjá Haukum og lék einnig með Breiðabliki.

Landsliðfyrirlíðinn er að fara í herbúðir sterkasta félagsliðs heims í kvennaflokki, en Lyon hefur orðið franskur meistari 14 ár í röð. Þá hefur Lyon farið með sigur af hólmi í Meistaradeild Evrópu síðustu fjögur árin og sex sinnum alls.

Lyon er sigursælasta lið í sögu keppinnar. Sara Björk hefur leikið 131 A-landsleik, en hún hefur skorad 20 mörk í þeim leikjum. Hún var gerð að fyrirlíði íslenska liðsins árið 2017. – hó

## Ekki fleiri smit hjá Fylkisliðinu

**FÓTBOLTI** Fram kemur í tilkynningu sem Fylkir setti á facebook-síðu sína í gær, að enginn leikmaður úr kvennaliði Fylkis í knattspyrnu hafi greinst jákvæð af kórónaveirunni, þegar hópurinn var skimaður fyrir í þessari viku.

Um síðustu helgi greindist leikmaður kvennaliðs Fylkis í knattspyrnu með kórónaveiruna. Var leikmannahópur Fylkisliðsins í kjölfarið settur í sóttkví og tveimur leikjum liðsins frestað. Ekki eru fleiri smit í leikmannahópnum.

„Líkt og áður hefur verið greint frá, kom upp COVID-19 smit hjá leikmanni meistaraflokks kvenna í knattspyrnu síðastliðna helgi. Í kjölfarið var viðkomandi leikmaður settur í einangrun og aðrir leikmenn og þjálfarar í úrlausnarsóttkví.

Félagið hefur unnið náið með smitakningarteymi sóttvarnalæknis og almannavarna síðastliðna daga. Liggur nú fyrir að flestir leikmenn og þjálfarar flokksins verða áfram í sóttkví fram í næstu viku.

Á mánudag fór allur hópurinn í sýnatöku. Niðurstöður hafa borist úr öllum prófum og voru öll próf neikvæð, það er enginn úr hópnum greindist með COVID-19. Er því útlit fyrir að ekkert smit hafi átt sér stað. Bindum við vonir við að svo haldist áfram og að um einangrad tilvik hafi verið að ræða hjá umræddum leikmanni félagsins,“ segir í tilkynningu Fylkis. – hó



Eygla Ósk Gústafsdóttir setti í vikunni punktinn aftan við glæsilegan feril sinn í íþróttinni. Eygla Ósk kveður sundið sátt eftir 20 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ákvað níu ára að ætla alla leið

Eygla Ósk Gústafsdóttir tilkynnti það fyrr í þessari viku að 20 ára sundferli hennar væri lokið. Þar með lýkur glæsilegum ferli sundmanns, sem komst til dæmis á pall á EM og synti til úrslita á Ólympíuleikum.

**SUND** „Systur mínar voru í sundi og foreldrar mínar hafa alla tíð verið virkir í félagsstarfinu í kringum það. Ég á minningar af mér svona tveggja eða þriggja ára á sundmótum að styðja eldri systur mínar og það varð snemma ljóst að ég myndi byrja að æfa sund.

Ég byrjaði að æfa hjá Ægi og var þar þangað til ég skipti yfir í Fjölni fyrir tveimur árum síðan. Ég er mjög þakklát fyrir þann stuðning sem ég fékk frá foreldrum mínum og systur í gegnum þykkt og þunnt á sundferlinum,“ segir Eygla Ósk um upphaf sundferils síns.

„Það var svo þegar ég var níu ára að ég var að horfa á sundkeppni Ólympíuleikanna, sem fram fóru í Aþenu árið 2004, að ég setti mér skýrt markmið um að einn daginn ætlaði ég að synda á Ólympíuleikum. Mér fannst raunhæft að stefna á leikana sem yrðu haldnir árið 2012. Jacky Pellerin byrjaði svo að þjálfra mig þegar ég var 14 ára gömul og hann hjálpaði mér mikið á ferlinum,“ segir Eygla Ósk um fyrstu ár ferilsins.

## Tveimur sekúndum frá lágmarkinu ári fyrir leikana

„Ég fór svo á mitt fyrsta heimsmeistararamót 16 ára gömul árið 2011 og þá synti ég á tíma sem var tveimur sekúndum frá lágmarki inn á Ólympíuleikana. Mér fannst það hins vegar klárlega vera raunhæft markmið að fara á leikana ári síðar. Ég æfði áfram jafn vel og ég hafði gert og það var svo á Íslandsmeistaramótiinu í upphafi ársins 2012 sem ég náði lágmarkinu,“ segir hún.

„Það má eiginlega segja að ég hafi verið í hálfgerðri leiðslu dagana fyrir Íslandsmeistaramótið og um keppnishelgina, einbeitingin á að ná settu markmiði var svo mikil. Mér er svo minnstætt að þegar um það bil 50 metrar voru eftir af sundinu tek ég eftir því að allir sem eru á svæðinu, sama í hvaða félagi þeir voru, stóðu upp til þess að hvetja mig áfram. Það var mér mjög dýrmætt,“ segir Eygla um aðdraganda þess að hún komst inn á sína fyrstu Ólympíuleika.

„Hápunkturinn á ferli mínum er svo árin 2015 og 2016, þegar ég

**Dagurinn þegar ég tilkynnti þetta var mikil rússíbanareid og ég var meyr við að sjá öll þau skilaboð sem ég fékk úr sundheiminum.**

komst á pall á Evrópumeistaramótiinu árið 2015, var valin íþróttamaður ársins seinna sama ár, og synti svo til úrslita á Ólympíuleikum í Ríó árið 2016,“ segir þessi frábæri íþróttamaður, sem var þarna, ásamt Hrafnhildi Lúthersdóttur, að vinna afrek sem engin önnur íslensk sundkona hafði gert áður.

## Mun klárlega sakna sundsins í framtíðinni

„Ég var mikið spurð að því á þessum tíma hvort ég fyndi fyrir pressu vegna þessa árangurs og auðvitað

fann ég fyrir því, en ég var það andlega sterk að það steig mér ekki til höfuðs. Síðan árið 2017 hafa hins vegar bakmeiðsli orðið til þess að ég hef ekki náð að bæta mig og á þessum árum hefur það hvarflað að mér að hætta.

Ég vildi hins vegar gera það á mínum forsendum og vegna þess að Ólympíuleikumum sem fram áttu að fara í Tökýó í sumar var frestað, ákvað ég að hætta á þessum tímapunkti. Mér fannst ég vera orðin söðd hvað sundið varðar og tími til kominn að einbeita mér að náminu í sálfræðinni og öðrum hlutum í lífinu.

Dagurinn þegar ég tilkynnti þetta var mikil rússíbanareid tilfinningalega og ég var meyr við að sjá öll þau skilaboð sem ég fékk úr sundheiminum.

Það verður mjög erfitt að horfa á stórmót og Ólympíuleika í framtíðinni og vera ekki á staðnum en ég er sátt við þessa ákvörðun og það sem ég afrekað á ferlinum,“ segir hún um framhaldið. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## KSÍ kynnti nýtt landsliðsmerki og nýjan búning

**FÓTBOLTI** Nýtt landsliðsmerki landsliða Íslands í knattspyrnu var í gær birt á samfélagsmiðlum knattspyrnusambands Íslands, KSÍ. Auðkenni KSÍ verða tvö í grunninn, í stað eins áður. Merki KSÍ, sem hefur verið kynnt, og svo merki landsliðanna sem birt er í dag.

Síðasta aldarfjórðungur hefur tákn landsliðanna verið samsett úr upphafsstöfum KSÍ, fótbolta og íslenska fánanum. Merkið hefur bæði staðið fyrir ímynd sambandsins og landslið Íslands. Nýja merkið er hannað af Brandenburg, en KSÍ samdi 2019 við auglýsingastofuna um stuðning



Leikmenn liðanna í PUMA búningunum með nýja merkinu. MYND/SVEINN

við mótun, uppbyggingu og þróun á vörumerkjum sambandsins.

Nýtt merki er tákn um óbilandi samstöðu, innblásið af arfleifð og mótandi sögu, sem fléttar saman landvættir Íslands á nútímalegan máta. Merkið er margslungið en skýrt og byggir á fyrri skjaldarmerkjum – en stendur eitt og sér sem auðkennandi tákn landsliða Íslands.

Nýr landsliðsbúningur frá íþróttavörumerkinu PUMA, með landvættamerkinu, verður formlega kynntur í lok ágúst 2020. – hó



# LEIÐ

FIMMTUDAGUR 2. JÚLÍ 2020

Tíska



Kate Middleton og Meghan Markle eru vinsælustu tiskufyrirmyndir heims, með klæðnaði sínum í samkomubanninu. ➔4

LÍFRÆNT  
RAUÐRÓFUÐFT  
Í HYLKJUM



„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma.“  
Jóhannes S. Ólafsson



Bára Beauty elskar glamúr og himinháa hæla. Hér er hún í leðurleggings og rauðum, axlalausum blúnduból, með Gucci-veski. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Á engan demant enn

Förðunarfræðingurinn Bára Beauty segist vera jarðbundin sveitastúlka frá Ísafirði, en alls ekki sjálfhverf tík, þótt hún klæðist glamúr og merkjavöru. ➔2

## Framhald af forsiðu →

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



Víðurnefnið Bára Beauty kemur frá fyrrverandi kærasta mínum. Hann byrjaði að kalla mig bjúti þegar við vorum þar og það festist við mig, en seinna ákvað ég að nota nafnið innan förðunarheimsins,“ segir förðunarfræðingurinn Bára Jónsdóttir, sem margir þekkja af samfélagsmiðlum sem Báru Beauty. „Ég er fædd og uppalin á Ísafirði en flutti í bæinn eftir að hafa lokið námi við Menntaskólann á Ísafirði, pianónámi við tónlistarskólann og farið sem skiptinemi til Dóminíska lýðveldisins. Á Ísafirði var ein tiskuverzlun, Monró, og ég vann auðvitað í henni. Annars var ég alltaf að panta mér fót af netinu og átti vikulega erindi í pósthúsið. Um leið og ég kom suður sótti ég svo um vinnu í tiskuverzluninni Júník og fékk þar enn meiri tiskubakteríu sem þó var drjúg fyrir,“ segir Bára og brosir.

## Elskar allt sem glitrar

Tiskuhugi Báru er meðfæddur. „Ég var ekki nema þriggja ára þegar ég fór að stelas í snyrtibudduna hennar mömmu og helst vildi ég alltaf klæðast blúndukjólum. Stíllinn minn ber þess enn merki. Ég er mikið fyrir glamúr og blúndur, allt sem glitrar, glansar og er bleikt. Annars má segja að stíllinn sé tvískiptur. Það eru ýmist himinháir hælur og glitrandi fót, eða fitnessgallinn,“ segir Bára sem er módel fyrir líkamsræktarfatnaðinn BeFit Iceland.

„Ég byrjaði að æfa súlufitness fyrir fimm árum og kenni nú byrjendum. Ég æfi líka bikínifitness, stefni á nám í einkabjálfun í haust og að vinna við það í framhaldinu,“ upplýsir Bára.

## Bikínifitness kostar mikinn viljastyrk.

„Með góðan þjálfara er lítið mál að hafa sjálfsga. Mestu skiptir að vera ekki í endalausum aðhaldi, því slíkt heldur maður ekki út til lengdar. Því er lausnin að skipta út óhollustu fyrir hollari kost. Ég er mikið fyrir það að maula eitthvað gott yfir sjónvarpinu á kvöldin, en í staðinn fyrir is og sætindi bý ég til minn eigin bragðaref úr frosnu mangói, hollri jógúrt og bæti við iskexi eða prótínsúkkuladi, sem inniheldur innan við 1 g af sykri en bragðast alveg jafn vel,“ segir Bára,



Glæsileg í kjól frá Júník, með eftirlætisveskið sitt frá Louis Vuitton. Það er í uppáhaldslit Báru, bleikt með kisumunstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sem þessa dagana undirbýr eigin matarrás á samfélagsmiðlum. „Það er mikil vinna að halda úti virkum samfélagsmiðli, maður er endalaust að búa til efni, en þetta er líka rosalega gaman. Ég hef alltaf unnið meðfram þessu líka, vann í tóskubúð frænku minnar í Smáralind fram í mars þegar búðinni var lokað og áður var ég flugfreyja hjá WOW air. Það var sannarlega gaman, en erfitt með fitnessinu og ég þurfti í æðahnútaaðgerð á fæti vegna álags og þrýstings í háloftunum.“

## Líkur sækir líkan heim

Í heimi áhrifavalda segist Bára ekki hafa upplifað innbyrðis samkeppni á meðal samfélagsstjarna. „Þvert á móti þykir mér allir vinalegir og fullir stuðnings. Innan förðunargeirans vinna stelpur saman við að gera skemmtilega hluti og mörgum af mínum bestu vinkonum hef ég kynnst á samfélagsmiðlum. Líkur sækir líkan heim og ekkert óeðlilegt að fólk tengist sem hefur sömu markmið og áhugamál,“ segir Bára,



Bára er andlit BeFit Iceland íþróttamerkisins og segist klæðast slíkum fatnaði til skiptis við glansandi glamúrinn.

sem meðal annars kynntist Töru Brekkan Pétursdóttur, Töru Trix, en þær stofnuðu förðunarskólann Beautytrix fyrir á árinu, sem vegna COVID þurfti að fresta fyrsta skólaárinu fram á haust.

„Förðun er persónubundin og enginn þarf að farða sig frekar en hann vill. Í förðun gilda hins vegar engin mörk og hægt að leyfa sínum innri listamanni að koma fram. Það elska ég við förðun,“ segir Bára, sem á námskeiðum Beautytrix ætlar að kenna hinum almenna borgara að farða sig.

„Við viljum kenna fólki að ýta undir kosti sem það vill ýta undir í sínu fasi og draga úr því sem það kallar ókosti. Til eru ótal trix sem gott er að kunna, eins og þegar augu eru aðeins farin að siga er hægt að farða sig þannig að það lyfti augunum.“

## Misskilin sveitastelpa

Bára hefur frá fyrstu tíð verið samkvæmt sjálfri sér þegar kemur að útliti.

„Þegar ég var yngri reyndi ég

auðvitað að klæða mig samkvæmt tisku, eða því sem hinir krakkarnir klæddust, en ég hef alltaf verið ófimein við að fara eigin leiðir og vera sú sem ég er. Ég fer því hiklaust út með bláan varalit ef mig langar og þegar ég vil vera yfirdrifin og mæta í ræktina með demantateygju í hárinu, læt ég ekkert stoppa mig.“

Hún kaupir sér sjaldnar fót í dag, en þá helst í Júník og vefversluninni Fashion Nova.

„Mitt besta tiskurad er eftirfarandi: Þú „púllar“ allt ef þú filar það. Stundum segir fólk við mig: „Mér er sagt að þessi litur fari mér ekki vel,“ eða „rauðhærðir eiga alls ekki að klæðast vissum litum“, en ef maður filar flíkina sjálfur og farðar sig í takt við klæðnaðinn, kemst maður upp með að klæðast hverju sem er.“

Í fataskáp Báru eru veski í mestum metum.

„Konur eru oftast nær skó- eða veskjatýpur og ég elska veski. Uppáhaldið mitt er Louis Vuitton-veski sem ég fékk í jólagjöf, bleikt með kisum á,“ upplýsir Bára kát.

„Ég elska líka demanta. Hanna Rún Óladóttir steinaði veski fyrir mig og útkoman var glitrandi og geggjúð. Ég væri til í að fá Hönnu til að steina allt á milli himins og jarðar heima hjá mér. Ég á samt enga alvöru demanta enn, en vonandi kemur sá dagur,“ segir Bára og hlær.

„Ég held ég sé mjög misskilin. Án þess að þekkja mig heldur fólk að ég sé sjálfhverf og leiðinleg tik, og ég fæ að heyra að fólk þori ekki að koma til mín og tala við mig að fyrri bragði. Þetta snýst um ákveðna ímynd, eins og í bíómyndinni Mean Girls, þar sem best klæddu stelpurnar voru tiku, en ég er ekki tik, þótt ég klæðist glamúr fatnaði og merkjavöru. Ég er bara rosalega næs, eins og fólk kemst að raun um þegar það kynnist mér. Og sem sveitastelpa frá Ísafirði er ég með báða fætur á jörðinni.

Glamúr er einfaldlega minn stíll og ég elska allt sem glitrar.“

Fylgstu með Báru á samfélagsmiðlum undir Báru Beauty.

## NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður: Jónhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



ÚTSALAN  
ER HAFIN



BITTE KAI  
RAND

1 9 8 1



30-50%  
AFSLÁTTUR



*hjá*  
**Hjahrafnhildi**

# Tískudrottning samkomubannsins

Kate Middleton og Meghan Markle eru einhverjar vinsælustu tiskufyrirmyndir heims, en það virðist nokkuð ljóst hvor heillaði aðdáendurnar meira með klæðnaði sínum í samkomubanninu.

Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr@frettabladid.is



**B**reska vefsíðan LoveTheSales.com tók saman tölur yfir vefleit að klæðnaði kvennanna í samkomubanninu og þar sést að klæðnaður Middleton var mun vinsælli. Síðan í mars hefur leit að fötum sem Middleton klæddist aukist um 86%, en á sama tíma jókst leit að fötum sem Markle klæddist um 35%.

Sumt af því sem Middleton klæddist á viðburðum sem fóru fram í gegnum forritið Zoom í samkomubanninu, hefur selst upp í Bretlandi í kjölfarið. Þar á meðal toppur frá versluninni Zöru og blár kjóll frá vefversluninni Boden, sem var vinsælasta flikin sem Middleton skartaði í samkomubanninu.

Alls sást Middleton í sextán ólíkum samsetningum og fjórtán þeirra hafa selst upp. Á sama tíma hefur bara ein af þeim sex samsetningum sem Markle sást í selst upp.

## Ólíkir stílar

Þrátt fyrir að vera að vinna heima var Middleton alltaf snyrtileg til fara og gekk í frekar afslöppuðum klæðnaði frá ýmsum hönnuðum. Eins og venjulega klæddist hún líka ýmsum ódýrari flikum og notaði sumar samsetningar nokkrum sinnum.

Markle þurfti hins vegar lítið að koma fram og vinna í samkomubanninu, þar sem hún og Harry prins hættu að sinna embættisskyldum fyrir bresku konungsfjölskylduna í lok marsmánaðar. Markle sást yfirleitt í frjálsegum og afslöppuðum klæðnaði eins og stuttermabolum, viðum, hnepptum skyrstum og strigaskóm.

Sú flik sem Markle sást í og naut mestra vinsælda voru íþróttabuxur frá hönnuðinum James Perse.

Samkvæmt samantektinni var meðalverðið á klæðnaði Middleton rúmlega 72 þúsund krónur en meðalverðið á klæðnaði Markle rétt tæplega 32 þúsund krónur.

## Vinsældir Markle minnka

Svo virðist sem fjarlægðin frá konungsfjölskyldunni og breytingar á stíl Markle, hafi leitt til þess að vinsældir hennar hafi dalað nokkuð. Markle tók við af Middleton sem áhrifamesti meðlimur



Mágkonurnar Kate Middleton og Meghan Markle eru báðar áhrifamiklar tiskufyrirmyndir. Á myndinni er Middleton ófrísk og alltaf jafn glæsileg. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Klæðnaður Markle hefur ekki notið sömu vinsælda og klæðnaður Middleton upp á síðkastið.



Fötin sem Kate Middleton notaði í samkomubanninu hafa notið mjög mikilla vinsælda og sum selst upp.



Þessar íþróttabuxur voru vinsælasta flikin sem Markle notaði. MYND/JAMESPERSE.COM

» Síðan í mars hefur leit að fötum sem Middleton klæddist aukist um 86%, en á sama tíma jókst leit að fötum sem Markle klæddist um 35%.

bresku konungsfjölskyldunnar, eftir að hún og Harry sögðu frá sambandi sínu opinberlega árið 2017, en vinsældir Middleton hafa aukist aftur á þessu ári, eftir að þau hjónin hættu að sinna embættisskyldum fyrir konungsfjölskylduna.

## BRÚÐKAUPSÞEMA

Í Fréttablaðinu **föstudaginn 18. júlí**.  
Allt sem hugsast getur varðandi brúðkaup.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

### Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 550-5654 / jonivar@frettabladid.is



# FRÍ HEIMSENDING

á vörum keyptum í  
vefverslun okkar

[www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)\*

\*Sjá nánar - Um grillbúðina/skilmálar

## Njóttu lífsins heima í sumar með vönduðu grilli frá Grillbúðinni

### LANDMANN gasgrill Triton 4ra brennara

Your World of BBQ

Afl 12 KW

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- Stór efri grind
- Grillgrindur úr pottjárni
- Ljós í tökkum
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir alla brennara
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillfötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu



FULLT VERÐ 99.900  
SUMARTILBOÐ  
**89.900**

### LANDMANN Rafmagnsgrill

Your World of BBQ

Afl 2.000 wött

- Grillgrindur úr emaleruðu pottjárni
- Sjálflysandi hitamælir
- Grillgrindur úr pottjárni
- Lok úr áli
- losanleg hliðarborð
- Grillfötur 48 x 37 cm



FULLT VERÐ 63.900  
SUMARTILBOÐ  
**54.900**

Tvær gerðir hjólavagna fánlegar

### LANDMANN Piccolino ferða kolagrill

Your World of BBQ



**9.990**

Grillfötur Ø37 cm

### LANDMANN ferðagasgrill Grill Chef 2,7 KW

Your World of BBQ



**19.900**

Öflugt og fyrirferðalítið ferðagasgrill sem leggst vel saman

### LANDMANN gasgrill Triton 3ja brennara

Your World of BBQ

20%  
afsláttur

Afl 10,5 KW

- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveikja í öllum tökkum
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór efri grind
- Hitamælir
- Grillfötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu



FULLT VERÐ 89.900  
SUMARTILBOÐ  
**71.900**

Einnig til í svörtu

FRÍ HEIMSENDING  
Nánar á [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

### LANDMANN Ball of Fire eldstæði

Your World of BBQ



**39.900**

Yfirbreiðsla fylgir

4 gerðir eldstæða í boði

### LANDMANN gasgrill Rexon 3ja brennara

Your World of BBQ



FULLT VERÐ 49.900  
SUMARTILBOÐ  
**44.900**

Afl 10,95 KW

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Postulínsemaleraðar grillgrindur
- Kveikja í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór Postulínsemalerað efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif
- Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillfötur 66 x 40,5 cm

### LANDMANN gasgrill Triton 5 brennara

Your World of BBQ

PPS

Afl 14,8 KW

- 4 brennarar úr ryðfríu stáli
- **Innrauður OFUR brennari 680c**
- Grillgrindur úr pottjárni
- Stór efri grind
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Rafkveikja fyrir brennara
- Ljós í tökkum
- Ryðfrítt stál í loki, hurðum og takkaborði
- Tvöfalt einangrað lok
- Hitamælir
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillfötur 65 x 44 cm
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu



FULLT VERÐ 114.900  
SUMARTILBOÐ  
**99.900**

### LANDMANN gasgrill Pantera 2ja brennara

Your World of BBQ



FULLT VERÐ 44.900  
SUMARTILBOÐ  
**39.900**

- Afl 4 KW
- Grillgrindur úr pottjárni
- Lok úr áli
- Losanleg hliðarborð
- Grillfötur 48 x 37 cm
- Hjólavagn fánlegur

Grindur úr pottjárni

### LANDMANN Pizzasteinn með spaða og skera

Your World of BBQ

- 15" = 38 cm
- Fyrir grill og ofna
- Stór spaði
- Pizzuskeri

**8.990**

Verslaðu í þægindum heima í okkar glæsilegu vefverslun [www.grillbudin.is](http://www.grillbudin.is)

Opið virka daga 11-18 - Laugardaga 11-16

# Grillbúðin

Smiðjuvegi 2 Kópavogi - Sími 554 0400

# Flauelssveipuð gítargoðsögn

Jimi Hendrix er án vafa einn áhrifamesti tónlistarmaður og gítarleikari allra tíma. Þá endurspegl- aði klæðaburður hans undraverðan sköpunarkraftinn og fangaði tíðaranda sjöunda áratugarins.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir  
hjordiserne@frettabladid.is



Þrátt fyrir að hafa látist langt fyrir aldur fram, er Hendrix enn talinn einhver fram- sæknaði og hæfileikaríkasti gítarleikari sem uppi hefur verið. Snilligáfa hans og framlag til tón- listar er raunar svo mikilsvert, að blaðamaður að nafni Greg Tate skrifaði eitt sinn: „Sögu rafmagns- gítarsins má skipta í tvennt: Fyrir Hendrix og eftir Hendrix.“

## Bágborin barnæska

Hendrix var fæddur 27. nóvember árið 1942 í Seattle í Bandarík- junum. Hann var skirður Johnny Allen Hendrix en stuttu síðar breyttu foreldrar hans nafni hans í James Allen Hendrix. Hinn ungi James átti meðal annars rætur að rekja til Cherokee-ættbálks frumbyggja í Bandaríkjunum, í móðurætt.

Æska hans var þyrnum stráð. Bæðir foreldrar hans glímdu við áfengisfíkn, sem litaði heim- ilislífíð af rifrildum, ofbeldi og langvarandi atvinnuleysi föður. Þau skildu þegar Hendrix var níu ára og fékk faðir hans forræði yfir honum og yngri bróður hans.



Hendrix var gæddur, að því virtist, yfirnáttúrulegum hæfileikum.

Um miðbik sjötta áratugarins tók Hendrix upp á því að drösla með sér kústskafti í skólann, sem hann lék á eins og það væri gítar. Sagan segir að félagsráðgjafi hafi tekið eftir þessu og leitast eftir fjárstyrk til að kaupa gítar handa honum. Kvað hún að ef hann fengi ekki gítar þá gæti það haft langvarandi

sálræn áhrif. Viðleitni hennar var til einskis og faðir hans neitaði að kaupa gítar handa syni sínum.

## Vaxandi velgengni

Árið 1957 áskotnaðist Hendrix illa farið úkúlele, sem átti að henda. Þrátt fyrir að það væri bara einn strengur eftir, byrjaði hann að æfa



Litríkur Hendrix á tónleikum í New York árið 1969. MYNDIR/GETTY



Blómamynstur varð oft fyrir valinu.



Finn í fjölbláum útvíðum buxum, silkiskyrtu og fjölbláu vesti.

sig og kenndi sjálfum sér helstu nútur, meðal annars með því að hlusta á Elvis Presley og þá helst lagið Hound Dog. Þegar hann var fimmtán ára keypti hann svo fyrsta kassagítarinn sinn, á litla fimm dollara. Um svipað leyti, eða árið 1958, lést móðir hans af völdum áfengisneyslu.

Eftir skamma dvöl í hernum, sem Hendrix valdi fremur en fangelsi, eftir að hafa gerst sekur um smáglæpi á unglingsárunum, flutti hann til Tennessee og byrjaði að spila æ oft, bæði með eigin hljómsveitum og öðrum, ásamt ýmsu tónlistarfólki. En þrátt fyrir að hafa spilað með goðsögnum á borð við Little Richard og Curtis Knight og sungið bakraddir fyrir Tinu og Ike Turner, var hann þó enn tiltölulega óþekktur í Bandaríkjunum.

Árið 1964 flutti hann til New York, bjó í tvö ár í Harlem og færði sig svo yfir í Greenwich Village þar sem hann kynntist Lindu Keith, kærustu Keith Richards. Linda kom honum í kynni við Chas Chandler, bassaleikara hljómsveitarinnar The Animals, og fyrir tilstilli Chas flutti Hendrix til Englands árið 1966, vopnaður hvítum Fender Stratocaster, krullurúllum og túpu af bólukremi.

## Hugvikkandi tónar og tíska

Þær eru ýmsar sögurnar af komu Hendrix til Englands og þá ekki síst af viðbrögðum vinsælustu tónlistarmanna þess tíma. Paul McCartney ræddi nýverið kvöldið sem hann, ásamt Eric Clapton og Pete Townsend, sá Hendrix fyrst koma fram. Þeir sátu dolfallnir yfir hæfileikum Hendrix, sem meðal annars tók sig til og spilaði upphafslag Bitlaplötunnar og tíma- mótaverksins Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band. McCartney þótti mikið til koma, enda hafði platan bara komið út tveimur dögum áður.

Á einum tímamarki tóku McCartney, Townsend og Clapton

eftir því að gítar Hendrix varð falskur eftir ofsafengið sóló. Hendrix brást við með því að skella upp úr og spyrja áhorfendur: „Er Eric á svæðinu? Eg þarf að fá hann hingað til að stilla þessa græju“. Eftir tónleikana er Clapton svo sagður hafa gripið í Chandler og látið eftirfarandi ummæli falla: „Þú sagðir mér ekki að hann væri svona djöfulli göður!“

Stuttu eftir komuna til Englands komst Hendrix svo í kynni við Noel Redding og Mitch Mitchell og úr varð hljómsveitin The Jimi Hendrix Experience, sem naut fljótt mikilla vinsælda.

Hendrix vakti eftirtekt hvert sem hann fór og ekki síst fyrir litríkan klæðaburð, sem fangaði frjálsligan tíðaranda líðandi stundar. Líkt og tónlist hans sem flæddi á milli ólíkra tegunda, var klæðaburður hans einstakur og án takmarkana eða annarra hafta.

Hann notaðist mikið við „layering“ og paraði þannig saman ólíkar flíkur. Hann klæddist gjarnan litríkum og mynstruðum flíkum, ídulega úr munúdarvekjandi efnum, á borð við flauel og silki, og útvíðum buxum. Kögur, blúndur og jafnvel fjadrir voru ekki óalgeng sjón og bar hann stundum hálsfestar eða annað skart, notaði hatta óspart og batt litríka klúta um höfuðið. Hér má sjá nokkrar myndir af eftirminnilegum klæðnaði þessa goðsagnakennda listamanns.

## Sumarkjólar

Verð 8.900 kr.

**black pepper**  
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516  
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

Kikið á myndir og verð á Facebook



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIÐLUN

GRENSÁSVEGUR 11 | SÍMI 588 9090 | WWW.EIGNAMIDLUN.IS

KYNNING Á SKRIFSTOFU  
EIGNAMIÐLUNAR Í DAG KL. 14:00 – 16:00




FREKARI UPPLÝSINGAR



Hilmar Þór Hafsteinsson  
Löggiltur fasteignas., lögg.  
leigumíðlari. Sími 824 9098



Daði Hafþórsson  
Löggiltur fasteignasali  
Sími 824 9096



# NÝTT Í SÖLU: ALDINMÖRK 1, 3 OG 12

Edenbyggð í Hveragerði, nýtt íbúðahverfi við göturnar Aldinmörk og Edenmörk. Hverfið er skipulagt með framtíðina í huga - frábæra tengingu við göngustíga og þægilega aðkomu að bílastæðum með hleðslumöguleikum fyrir rafbíla. Miðsvæðis er leiksvæði og sælureitur með litlum gróðurhúsum sem íbúar geta fengið að njóta góðs af.

Alls verða 77 íbúðir í hverfinu. Í fyrsta áfanga eru 25 íbúðir, stærð 63-80 fm og eru tveggja, þriggja og fjögurra herbergja. Hluti íbúða eru tilbúnar til afhendingar.

Íbúðum verður skilað fullbúnum en án gólfefna en flísar á votrymum.

Skilalýsing ásamt nánari upplýsingum má sjá á heimasíðunni [www.edenbyggd.is](http://www.edenbyggd.is)

ALDINMÖRK 1 ÍBÚÐ 101. VERÐ 34,8 MILLJÓNIR.  
STÆRÐ 75,3 FM.

# NÝTT Í SÖLU

Framkvæmdaaðili: Suðursalir ehf.

Aðalverktaki: JÁVERK ehf.

Hönnun: Tark

Heildarfjöldi íbúða í

Edenbyggð: 77

Fjöldi íbúða í fyrsta áfanga: 25

Verð frá 32,9 mkr.

Stærðir 2-3 ja herbergja,  
68,1 fm – 75,3 fm.

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Bílar & Farartæki

### Hjólhýsi



#### HJOLHYSI.COM

Sumarsýningu lýkur laugardaginn 4 júlí.

Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í upplýsið fortjald á frábæru verði.

Lima 300 Verð:149.000 kr. Passar einnig vel á 10-12 feta fellihýsi.

Innifalið í verði: Allir helstu aukahlutir

Bæjarhraun 24

Sími: 8634449

Netfang: [www.hjolhysi.com](http://www.hjolhysi.com)

[kriben@simnet.is](mailto:kriben@simnet.is)

[www.facebook.com/hjolhysi](http://www.facebook.com/hjolhysi)

## Þjónusta

### Garðyrkja

**SLÁTTUVÉLAVIDGERÐIR & SMÁVÉLAVIDGERÐIR**

Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum

**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorð, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. [www.velaverkjs.is](http://www.velaverkjs.is)

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

### Málarar

#### MÁLNINGARVINNA.

Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málarí s: 832-6017.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

### Húsaviðhald

#### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

#### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta - [proventus.is](http://proventus.is) Sími 551-5000  
Netfang [proventus@proventus.is](mailto:proventus@proventus.is)

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagning og trésmíði. S. 616 1569

Höfum í boði verkamenn og aðstoðarmenn til ýmissa starfa td. Málara, smíði og fleira. Upplýsingar í síma 7803344 eða í netfangið [starfsmidlung@gmail.com](mailto:starfsmidlung@gmail.com)

### Nudd

#### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

### Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

**STIGA**  
Einstök gæði

**Stiga TwinClip 50SQB**  
Lúxus sláttuvél með drifi B&S mótur 625EXI, 2,27kW  
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi  
Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864  
[www.vetrarsol.is](http://www.vetrarsol.is)

### Vélar og verkfæri

Til sölu múrararverkfæri Atlas copco loftpressa og Gólfþúsingavél, tekur 130cm, fylgihlutir með. Flísaðg á hjólum og verkfæri því tengd. Uppl. í s: 898-9364

### Til bygginga



#### HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolia. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122

### Húsnæði

#### Húsnæði í boði

##### TIL LEIGU.

3 herb. íbúð, 93 fm, Smáralind 200 Kópavogi. 240 þ. á mánuði. Eingöngu reglusamir koma til greina. Uppl.897 5516.

#### Geymsluhúsnæði

##### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S. 564-6500

##### GEYMSLUR.IS

##### SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**HAGVANGUR**  
[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

DAG HVERN LESA  
**93.000**  
ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

**AUSA**  
ÖLL JARÐVINNA  
S: 7773555

**ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR**  
ÞÆRT ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?  
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ  
**FRÉTTABLAÐIÐ**  
Sími 550 5055 | [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

**E-Forward**  
Sportlegt rafmagnshjól  
Shimano girar, diskabremsur, bretti, böglaberi, standari, ljós og bjalla, allt innifalið.  
165.000,-  
**Topphjól**  
Bildshöfða 16, Rvk  
Sími 661-1902

**viftur.is**  
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir  
**íshúsið**  
S: 566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Ferðaþjónustuhús**  
Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.  
Nánari uppl. [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða í síma 899 0913 Fríða  
[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

**Geymsluskúrar / gestahús til sölu**

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 tímbrí.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl.; [reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is) eða s. 899 0913 Fríða, [www.reisum.is](http://www.reisum.is)

Alla fimmtudaga og laugardaga

[gudruninga@frettabladid.is](mailto:gudruninga@frettabladid.is)



ALLT AÐ  
700.000 kr.  
AFSLÁTTUR!

ÞÚ FINNUR BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS

# HEILSAÐU SUMRI Á NOTUÐUM BÍL

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.  
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



AFSLÁTTUR  
700.000 KR.

Rnr. 146439

**RENAULT Kadjar Zen 4wd**  
Nýskr. 06/17, ekinn 74þ.km,  
dísil, 6 gírar.  
Verð 2.890.000 kr.

**TILBOÐSVERÐ!**  
**2.190.000 kr.**

28.719 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.\*



AFSLÁTTUR  
400.000 KR.

Rnr. 285779

